# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

255. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 30. OKTÓBER 2017




Sigurvegarar kosninganna voru saman komnir í „sminkinu“ á fréttastofu 365 í gær. Sigmundur Davíð, formaður Miðflokksins, leiddi flokkinn til kosningasigurs og fékk sjö menn kjörna. Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, gerði aðra atlögu að kosningum og flokkur hennar fékk fjögur þingsæti eftir að hafa mælst úti í skoðanakönnunum dagana fyrir kosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Konur og frjálslyndir hrynja af þinginu

**Ekki hafa færri konur náð kjöri í kosningum til Alþingis í áratug. „Þetta er afturför,“ segir fyrrverandi forseti þingsins, Unnur Brá Konráðsdóttir. Varaformaður Viðreisnar og oddviti flokksins í Suðurkjördæmi segir frjálslynda þingmenn hreinlega hrynja út af þinginu.**

**2017**

**STJÓRNMÁL** „Þetta er skref aftur á bak. Það er sorglegt,“ segir Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar og fyrrverandi þingmaður, um hlut kvenna í kosningunum. Hún er ein sjö kvenna sem ekki náðu kjöri. Nýtt þing er skipað 39 körlum og 24 konum. Fyrra þing var skipað 33 körlum og 30 konum. Ekki hefur hallað jafn mikið á konur í tíu ár.

Kynjahallinn er mestur innan Miðflokksins sem fékk sjö þingmenn kjörna; sex karla á móti einni konu. Þar á eftir koma Sjálfstæðisflokkur og Flokkur fólksins. Ein kona, Inga Sæland, sest á þing fyrir Flokk fólksins af fjórum þingmönnum.

„Fyrir Viðreisn, sem hefur lagt áherslu á kynjasjónarmiðin í stefnu og öllu okkar starfi, þá er þetta ekki eins og maður hefði viljað,“ segir Jóna Sólveig. Í sama streng tekur Unnur Brá Konráðsdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis. Hún var í fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi. Efstu þrjú sætin skipa Páll Magnússon, Ásmundur Friðriksson og Vilhjálmur Árnason sem náðu allir kjöri.

„Maður var afar stoltur af stöðu kynjanna eins og hún var. Þetta er afturför,“ segir Unnur Brá.

Í fimm af þeim átta flokkum sem mynda nýtt þing hallar á konur.

Unnur Brá segir ljóst að konur endist ekki vel í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. „Við þurfum að átta okkur á hvað við getum gert. Það er ekki bara hlutverk kvenna, heldur hlutverk alls flokksins.“

> **Frjálslyndir þingmenn hrynja út af þingi og þingmenn sem kenna sig við eitthvað allt annað eru að koma í staðinn.**
>
> Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar

Jóna Sólveig segir stuðningsmenn frjálslyndis hafa borið skarðan hlut frá borði. „Frjálslyndir þingmenn hrynja út af þingi og þingmenn sem kenna sig við eitthvað allt annað en frjálslyndi eru að koma í staðinn,“ segir hún.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir erfitt að benda á heildstæða línu sem kjósendur hafi tekið. „Aðra en þá að það er íhaldssveifla. Frá frjálslyndi til meiri íhaldssemi.“ **– khn / sjá síðu 8**

## Hala niður stolnu efni upp á milljarð

**LÍFIÐ** Íslendingar hala niður stolnu efni fyrir meira en milljarð króna samkvæmt útreikningum FRÍSK, félags rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði. Þættir Stöðvar 2 eru gríðarlega vinsælir en sekt eða tveggja ára fangelsi liggur við því að stela kvikmyndum og þáttum. Þáttaraðirnar Leitin að upprunanum og Fósturbörn eru afar vinsælar á niðurhalssíðum og Jóhönnu Margréti Gísladóttur, dagskrárstjóra Stöðvar 2, þykir málið afar sorglegt. „Mér finnst mjög sorglegt að sjá fólk deila slóðum á efni eins og ekkert sé eðlilegra á netinu, sérstaklega á íslenskt efni, þegar hægt er að nálgast efnið á löglegan máta á auðveldan hátt.“

**– bb / sjá síðu 25**

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Ari Trausti segir eldstöðvar landsins minna á sig. **12**

**SPORT** Kynslóðaskipti í íslenska handboltalandsliðinu. **14**

**TÍMAMÓT** Hreiðar Ingi tekur við af Þorgerði. **18**

**LÍFIÐ** Magnús Freyr og Kolbrún Dögg fluttu á Sauðárkrók og stofnuðu fyrirtæki í bílskúrnum. **26**

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● NORÐURLAND ● FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg sunnanátt í dag. Skýjað og lítilsháttar rigning öðru hverju, en þurrt um landið norðaustanvert. Hiti 5 til 10 stig. SJÁ SÍÐU 20

# Sérsveit hjálpaði við handtöku

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra aðstoðaði lögregluna á Suðurlandi við handtöku þriggja aðila í gömlu sumarhúsi í Árborg í gærkvöldi. Mennirnir höfðu fyrr um daginn verið á ferð vopnaðir haglabyssu, án þess þó að ógna öðrum með henni.

Mennirnir eru taldir hafa verið í mikilli óreglu en ákveðið var að gæta allrar varúðar við handtökuna vegna ástands þeirra. Þá eru mennirnir taldir tengjast öðrum óupplýstum málum, meðal annars innbroti þar sem skotvopnum var stolið.

Hin handteknu voru flutt á lögreglustöð á Selfossi og vettvangi var lokað vegna rannsóknar málsins í gærkvöldi. Ekki var unnt að fá neinar frekari upplýsingar þegar Fréttablaðið fór í prentun seint í gærkvöldi. **– kó**

## Gleði í myndverinu



Þau Helgi Hrafn Gunnarsson Pírati, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, voru öll einstaklega brosmild þegar ljósmyndari Fréttablaðsins smellti af þeim mynd í myndveri Stöðvar 2 í gær. Þangað voru þau komin til að ræða stöðuna í Kosningauppgjöri Stöðvar 2 sem Heimir Már Pétursson fréttamaður stýrði. Ef til vill sagði Heimir Már eitthvað afskaplega skemmtilegt og uppskar bros fjórmenninganna fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Karlarnir sex árum eldri

**ALÞINGI** Meðalaldur nýkjörinna þingmanna er sex árum hærri en fyrirrennara þeirra. Konur að meðaltali yngri en karlarnir.

Meðalaldur nýrra þingmanna er 49 ár og tæpir sjö mánuðir. Í kosningunum í fyrra var meðalaldurinn rétt rúm 43 ár; yngsta þing frá 1934.

Meðalaldur karlkyns þingmanna er tæp 52 ár. Af 39 þingkörlum eru tíu yfir sextugu og fimm á fertugsaldri. Tólf raða sér á fimmtugsaldurinn og tólf á sextugsaldur. Smári McCarthy er yngsti karlkyns þingmaðurinn, 33 ára og átta mánaða, en Ari Trausti Guðmundsson sá elsti; 69 ára á árinu.

Meðalaldur þingkvenna er 45 ár og átta mánuðir. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er áfram yngsti þingmaðurinn; 27 ára eftir mánuð. Tvær þingkonur undir þrítugu. Elst þingkvenna er Oddný Harðardóttir, rétt rúmlega sextug. Flestar þingkonur eru á fimmtugsaldri, tíu talsins. **– jóe**

# Meðalþingaldur VG sá hæsti

**ALÞINGI** Þingflokkur Vinstri grænna er sá þingflokkur sem hefur hæstan meðalþingaldur. Sjálfstæðisflokkurinn er næstur flokka í þeirri röð.

Við útreikning á þingaldri eru öll þing þingmanna talin með jafnvel þótt þeir hafi aðeins setið sem varamenn í skamma stund. Vinstri græn hafa að meðaltali setið á 10,5 þingum en Sjálfstæðismenn 8,5.

Hinn nýi Miðflokkur hefur allnokkra þingreynslu að baki þótt tveir þingmenn flokksins séu glænýir. Hafa þingmenn flokksins setið á 6,5 þingum að meðaltali. Sömu sögu er að segja af Viðreisn og Samfylkingunni. Meðalþingaldur Framsóknarmanna er rúm sex þing en Pírata slétt þrjú.

Flokkur fólksins er óreyndastur allra þingflokka en enginn þingmanna flokksins hefur áður setið á Alþingi. **– jóe**

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED rakaþétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE
OSRAM

# Óttarr segir BF ekki vera að lognast út af

**Björt framtíð féll af þingi á laugardag. Formaður segir flokkinn hvorki standa né falla með hans formennsku. Nú sé þörf á naflaskoðun og staða formanns sé hluti af henni. Hann telur ekki ólíklegt að flokkurinn eigi afturkvæmt á Alþingi.**

**2017**

**KOSNINGAR** „Flokkurinn hvorki stendur né fellur með því hvort ég sé formaður," segir Óttarr Proppé spurður um stöðu hans sem formaður Bjartrar framtíðar eftir það afhroð sem flokkurinn galt í kosningunum á laugardag. „Við þurfum náttúrulega að fara í ákveðna naflaskoðun með flokkinn og staða formanns er auðvitað bara hluti af þeirri naflaskoðun."

Óttarr segir flokkinn þó ekki vera að lognast út af. „Við erum náttúrulega í virkum meirihluta í fjórum stórum sveitarfélögum þar sem ⅔ landsmanna búa, þannig að það er allt á fullu í flokknum. En það er alveg klárt að við þurfum náttúrulega að skoða hvernig við erum að vinna hlutina, bæði í innanflokksmálum og skipulagsmálum," segir Óttarr, en bætir við að málefnalega standi flokkurinn sterkt.

„Hann er alveg ágætur en augljóslega misjafn," segir Óttarr um móralinn í flokknum og bætir við: „En þessi ríkisstjórnarþátttaka var erfið og það voru ýmsir í hópnum sem voru ekki hrifnir henni.

En við tókum það alvarlega að rísa upp í erfiðri stjórnarkreppu og axla ábyrgð." Óttarr segir flokkinn ekki síður hafa reynt að mynda stjórn í fimmflokkaviðræðunum á sínum tíma. „En það voru því miður aðrir sem voru tregir til þar."

Óttarr er stoltur af mörgum verkum sem Björt framtíð kom að á þingi. Hann nefnir sérstaklega mál sem flokkurinn tók þátt í þvert á flokka, til að mynda útlendingamálin.




**Óttarr Proppé segir stöðu formanns verða skoðaða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég hef á tilfinningunni að það sé í loftinu ákveðin afturhaldsbylgja.**
>
> Óttarr Proppé, formaður BF

Þá telur Óttarr þá ákvörðun Bjartrar framtíðar að slíta stjórnarsamstarfinu geta haft fordæmisgildi inn í framtíðina ekki síst vegna þess á hvaða forsendum stjórninni var slitið, en hann hefur líka áhyggjur af stjórnmálunum almennt.

„Maður á mjög erfitt með að ímynda sér hvernig á að vinna sig út úr þessari stöðu í þinginu. Það eru mjög erfið verkefni fram undan og það kæmi mér ekki á óvart ef það væri styttra en fjögur ár og jafnvel mikið styttra í næstu kosningar eða allavega erfiða stjórnarkreppu," segir Óttarr og bætir við:

„Ég hef á tilfinningunni að það sé í loftinu ákveðin afturhaldsbylgja sem ég held að muni ekki njóta almennra vinsælda meðal almennings og það gæti soðið upp úr ef fólkinu ofbýður. Það er mjög flókið verkefni hvernig stjórnmálamenn og flokkar umgangast tilfinningar almennings."

Óttarr segir ekki ólíklegt að Björt framtíð eigi afturkvæmt á Alþingi. „Mér finnst það ekki ólíklegt, ég finn heilmikinn kraft, bæði í hópnum okkar og líka fyrir frjálslyndri pólitík almennt. Við fundum líka styrk í því að ná góðum árangri í krakkakosningunum þar sem við vorum með fjóra menn örugga inni og lítum á það sem góða vísbendingu um Bjarta framtíð." **adalheidur@frettabladid.is**

GILDIR 30.10.17

# TAX FREE




SÍÐASTI DAGUR!

OPIÐ TIL KLUKKAN 20:00

# AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19.35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Kjördæmi og fylgi flokka á landsvísu

REYKJAVÍK NORÐUR (RN)




REYKJAVÍK SUÐUR (RS)




SUÐVESTURKJÖRDÆMI (SV)







NORÐVESTURKJÖRDÆMI (NV)




NORÐAUSTURKJÖRDÆMI (NA)




SUÐURKJÖRDÆMI (S)




## Hverjir komast á þing ?

### Reykjavíkurkjördæmi norður (RN)

1. Guðlaugur Þór Þórðarson **D**
2. Katrín Jakobsdóttir **V**
3. Helgi Hrafn Gunnarsson **P**
4. NÝR Helga Vala Helgadóttir **S**
5. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir **D**
6. Steinunn Þóra Árnadóttir **V**
7. Þorsteinn Víglundsson **C**
8. Birgir Ármannsson **D**
9. Andrés Ingi Jónsson **V**
10. NÝR Ólafur Ísleifsson **F**
11. Halldóra Mogensen **P**

### Reykjavíkurkjördæmi suður (RS)

1. Sigríður Á. Andersen **D**
2. Svandís Svavarsdóttir **V**
3. Ágúst Ólafur Ágústsson **S**
4. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir **P**
5. Brynjar Níelsson **D**
6. Kolbeinn Óttarsson Proppé **V**
7. Hanna Katrín Friðriksson **C**
8. NÝ Inga Sæland **F**
9. Lilja Dögg Alfreðsdóttir **B**
10. Þorsteinn Sæmundsson **M**
11. Björn Leví Gunnarsson **P**

### Suðvesturkjördæmi (SV)

1. Bjarni Benediktsson **D**
2. Bryndís Haraldsdóttir **D**
3. Rósa Björk Brynjólfsdóttir **V**
4. NÝR Guðmundur Andri Thorsson **S**
5. Jón Gunnarsson **D**
6. Gunnar Bragi Sveinsson **M**
7. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir **C**
8. Jón Þór Ólafsson **P**
9. Willum Þór Þórsson **B**
10. Óli Björn Kárason **D**
11. Ólafur Þór Gunnarsson **V**
12. NÝR Guðmundur Ingi Kristinsson **F**
13. Jón Steindór Valdimarsson **C**

### Aldursdreifing þingmanna

■ 20-29 ■ 30-39 ■ 40-49 ■ 50-59 ■ 60+




### Norðvesturkjördæmi (NV)

1. Haraldur Benediktsson **D**
2. Ásmundur Einar Daðason **B**
3. Lilja Rafney Magnúsdóttir **V**
4. NÝR Bergþór Ólason **M**
5. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir **D**
6. Guðjón S. Brjánsson **S**
7. NÝ Halla Signý Kristjánsdóttir **B**
8. NÝR Sigurður Páll Jónsson **M**

### Norðausturkjördæmi (NA)

1. Kristján Þór Júlíusson **D**
2. Steingrímur J. Sigfússon **V**
3. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson **M**
4. Þórunn Egilsdóttir **B**
5. Logi Már Einarsson **S**
6. Njáll Trausti Friðbertsson **D**
7. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir **V**
8. NÝ Anna Kolbrún Árnadóttir **M**
9. Líneik Anna Sævarsdóttir **B**
10. NÝ Albertína Friðbjörg Elíasdóttir **S**

### Suðurkjördæmi (S)

1. Páll Magnússon **D**
2. Sigurður Ingi Jóhannsson **B**
3. NÝR Birgir Þórarinsson **M**
4. Ásmundur Friðriksson **D**
5. Ari Trausti Guðmundsson **V**
6. Oddný G. Harðardóttir **S**
7. Silja Dögg Gunnarsdóttir **B**
8. NÝR Karl Gauti Hjaltason **F**
9. Vilhjálmur Árnason **D**
10. Smári McCarthy **P**

### Kynjadreifing þingmanna




Konum á Alþingi fækkar verulega, en þær voru þrjátíu eftir kosningarnar 2016.

BROTAMYND - NÝ BÓK EFTIR ÁRMANN JAKOBSSON

Athyglisverð skáldsaga, í senn bráðfyndin og áleitin




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Mögulegar ríkisstjórnir

Niðurstöður alþingiskosninga 2016.




## Þriggja flokka stjórn

**Sjálfstæðisflokkur, Vinstri græn**



16 Þingmenn

11 Þingmenn





8 Þingmenn

**Framsóknarflokkurinn**

Fjöldi þingmanna: **35**



7 Þingmenn

**Samfylkingin**

Fjöldi þingmanna: **34**



7 Þingmenn

**Miðflokkurinn**

Fjöldi þingmanna: **34**



6 Þingmenn

**Píratar**

Fjöldi þingmanna: **33**

## Fjögurra flokka stjórnir VG

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11 | 8 | 7 | 7 |

Fjöldi þingmanna **33**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11 | 8 | 7 | 6 |

Fjöldi þingmanna **32**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11 | 8 | 7 | 6 |

Fjöldi þingmanna **32**

## Fjögurra flokka stjórnir Sjálfstæðisflokksins

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 | 8 | 7 | 4 |

Fjöldi þingmanna **35**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 | 8 | 7 | 4 |

Fjöldi þingmanna **35**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 | 8 | 4 | 4 |

Fjöldi þingmanna **32**

# Staðan er opnari en á sama tíma í fyrra

**Formaður VG vonast til þess að geta myndað ríkisstjórn með stjórnarandstöðunni. Það yrði stjórn með minnsta mögulega þingmannafjölda að baki sér. Stjórnmálafræðiprófessor sér nokkra möguleika í stöðunni. Hún sé betri núna en í kosningunum fyrir ári.**

**2017**

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hefur boðað fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi til fundar við sig á Bessastöðum í dag. Hann mun ræða einslega við hvern og einn formann.

Allt frá því fyrir helgi hafa forystumenn stjórnmálaflokkanna átt óformlegt samtal um mögulegt stjórnarsamstarf.

Bjarni, Katrín og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, sögðu öll í fjölmiðlum í gær að þau gerðu tilkall til stjórnarmyndunarumboðs. Katrín segist vonast til þess að hægt verði að mynda ríkisstjórn með þeim flokkum sem voru í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili. Það þýðir að fulltrúar VG, Samfylkingarinnar, Pírata og Framsóknarflokksins skipuðu þá stjórn sem myndi njóta stuðnings 32 manna meirihluta. Það er minnsti mögulegi meirihluti sem völ er á.

Eftir alþingiskosningarnar í fyrra þótti staðan mjög snúin. Rúmir tveir mánuðir liðu áður en þriggja flokka ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar varð að veruleika. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði á Bifröst, telur að annað landslag geti blasað við núna.

„Ég held að þetta sé talsvert opnari staða heldur en var í fyrra,“ sagði Eiríkur í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Einkum og sér í lagi vegna þess að menn hafa ekki farið í sömu útilokunarkeppnina og í fyrra.“



**Leiðtogar þriggja af átta flokkum á Alþingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við sjáum vinstri möguleika undir forystu Katrínar Jakobsdóttur. Núverandi stjórnarandstaða plús Viðreisn. Hægra megin undir forystu Sjálfstæðisflokksins gæti verið stjórn með Framsóknarflokknum, Miðflokknum og Flokki fólksins. Þar eru kannski persónuerjur sem gætu sett strik í reikninginn. En valdastólarnir toga nú menn fast til sín,“ sagði Eiríkur Bergmann.

Engir möguleikar eru á myndun tveggja flokka ríkisstjórnar og myndun þriggja flokka stjórnar krefst aðildar bæði Sjálfstæðisflokksins og VG. Sterkasta þriggja flokka stjórnin, stjórn Sjálfstæðisflokksins, VG og Framsóknarflokksins, myndi hafa 35 þingmenn að baki sér.

**jonhakon@frettabladid.is**






**Pasta og núðlur:**
- Rautt pasta
- Hvítlauks pasta
- Villisveppa pasta
- Pasta með sólþurrkuðum tómötum
- Basilpestó pasta
- Núðlur í súrsætri sósu

**Salat:**
- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat
- Romain salat

**Grænmeti:**
- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Blómkálssalat
- Mangó hrásalat
- Asíublanda
- Rótargrænmeti
- Maíssalat
- Ferskt salsa

**Prótein:**
- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Íhaldssveifla eina lína kosninganna

**Kosningar eru að baki og stjórnarmyndunarviðræður eru í vændum. Álitsgjafar Fréttablaðsins rýna í nýja stöðu í íslenskum stjórnmálum. Framsóknarflokkurinn er sagður í lykilstöðu og Miðflokkurinn stóri sigurvegari kosninganna. Konum fækkaði talsvert á þingi.**

**KOSNINGAR** Áhugaverð staða er nú komin upp í íslenskum stjórnmálum eftir kosningar. Álitsgjafar Fréttablaðsins, stjórnmálafræðingarnir Eva Heiða Önnudóttir nýdoktor og Eiríkur Bergmann prófessor rýndu í stöðuna með blaðamanni.


Nú taka stjórnarmyndunarviðræður við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði.


Eva Heiða Önnudóttir, nýdoktor í stjórnmálafræði.

### Aldrei jafnmargir flokkar

„Við erum með gjörbreytt flokkakerfi frá því sem verið hefur. Það er svona út frá stjórnmálafræðilegum áhuga áhugaverðast. Þetta er bara nýtt landslag í íslenskum stjórnmálum, átta flokkar á Alþingi,“ segir Eiríkur og bætir því við að þetta setji jöfnunarsætakerfið í uppnám.

Eva Heiða segir það vissulega nýja stöðu að hafa átta flokka á þingi. „Ég myndi segja að þetta sé áframhald á þeim breytingum sem hafa verið að eiga sér stað eftir hrun. Ég veit ekki hvort ég myndi segja að staðan sé byltingakennd eða komi manni í opna skjöldu en þetta er enn eitt merkið um þær breytingar sem eru að eiga sér stað á flokkakerfinu.“

### Íhald og kynjahalli

Eiríkur segir stöðuna talsvert frábrugðna því sem sést hefur áður. „Þetta er auðvitað íhaldssveifla. Frjálslyndur flokkur á miðjunni kveður og tveir mun íhaldssamari flokkar koma til skjalanna, það er ein línan í þessu.“

„Við erum að sjá niðurstöður sem vísa í mjög ólíkar áttir. Það er engin almennilega heildstæð lína sem þú sérð í þessum kosningum önnur en sú að það er íhaldssveifla. Frá frjálslyndi til meiri íhaldssemi,“ bætir Eiríkur við.

Konum á þingi fækkaði talsvert um helgina. Eva Heiða segir að það megi skrifa það að hluta á þá tvo nýju flokka sem komu inn. „Þar eru kynjahlutföllin mjög körlum í hag. Margir hinna flokkanna tapa mönnum á móti og til dæmis hjá Sjálfstæðisflokknum voru konur að detta af þingi því þær voru ekki eins ofarlega á lista og karlarnir.“

### Sigrar og töp

Eva Heiða er á þeirri skoðun að í ár sé enginn einn sigurvegari kosninganna. „Það er enginn að vinna rosalega á. Tveir nýir flokkar koma inn sem hljóta að vera ánægðir með sitt og svo er Samfylkingin að bæta við sig.“ Undir þetta tekur Eiríkur að nokkru leyti. Hann segir þó Miðflokkinn augljósasta sigurvegarann.

„Augljósustu tapararnir eru þeir sem þurrkast út, Björt framtíð. Það er lítil samkeppni um það. En svo líka Píratar, þeir eru að missa fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn auðvitað tapar, það er augljóst,“ segir Eiríkur.

Vinstri græn mældust stærst lengi vel í október en fengu aðeins einum þingmanni meira í ár en í fyrra sem er mun minni sigur en kannanir bentu til lengi vel. Eiríkur segir það annars vegar skrifast á upprisu Samfylkingarinnar og hins vegar hafi Flokkur fólksins talað mikið um útrýmingu fátæktar, það hafi höfðað til vinstrimanna.

### Hreyfing útskýrir frávik

Skoðanakannanir bentu allar til þess að Flokkur fólksins næði ekki inn á þing og flestar bentu til lakari kosningar Framsóknarflokksins.

Eiríkur segir kannanirnar gerðar nokkru fyrir kjördag. Þær hafi sýnt að fylgið væri á fleygiferð. „Ég held að það sé nærtækari skýring. Það var áframhaldandi flæði á fylginu.“

Eiríkur og Eva Heiða eru þau sammála um að vaskleg framganga Ingu Sæland í leiðtogaumræðum Ríkisútvarpsins kvöldið fyrir kjördag gæti vel hafa skilað flokknum yfir fimm prósenta þröskuldinn.

### Viðræður í vændum

Evu Heiðu þykir líklegt að vandasamt verði að mynda ríkisstjórn. Einu þriggja flokka stjórnirnar sem eru í boði innihalda bæði Sjálfstæðisflokkinn og Vinstri græn og það sé vandasamt sökum þess hve langt er á milli flokkanna. Stjórnir fjögurra eða fimm flokka séu vandasamar, þá séu margir komnir að borðinu.

„Ég held hins vegar, öfugt við það sem sumir hafa sagt, að það þurfi ekki að vera svo erfitt að mynda ríkisstjórn. Mér finnst nokkuð greiðfærir möguleikar blasa við. Líka vegna þess að þetta eru nýjar aðstæður. Flokkarnir þurfa að setja sig í aðrar stellingar en áður,“ segir Eiríkur aftur á móti.

Hann bendir á þann kost að stjórnarandstaðan hafi tryggt sér nauman meirihluta sem væri til dæmis hægt að styrkja með innkomu Viðreisnar. Einnig gæti gengið upp að mynda fjögurra flokka stjórn til hægri. „En maður sér ekki að það verði mynduð ríkisstjórn án Framsóknar,“ segir Eiríkur. thorgnyr@frettabladid.is





GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516
BL ehf, Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík, 525 8000 / www.bl.is
B|L

# OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspegla sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku öryggi, Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

SJÖ SÆTA
LEÐURINNRÉTTING
VÉLARHITARI MEÐ TÍMASTILLI
RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA
NÁLÆGÐARSKYNJARI AÐ FRAMAN OG AFTAN
VERÐ FRÁ 8.590.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
**VOLVO XC90 AWD**



Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is



Björt Ólafsdóttir

BF 1,2%

## Naflaskoðun fram undan

Það getur vel verið. Ég stend engu að síður með þeirri ákvörðun," segir Björt Ólafsdóttir, þegar hún er spurð hvort kjósendur hafi verið að refsa Bjartri framtíð fyrir að fara í stjórn með Sjálfstæðisflokknum. „Það skipti okkur mestu máli að ná fram þeim stefnumálum sem fólk kaus okkur út á. Til þess erum við í stjórnmálum," segir Björt og bætir við: „Við getum verið stolt af því að hafa snúið stóriðjustefnunni við á punktinum og friðlýst Þjórsárver. Þrátt fyrir að hafa verið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum tókst okkur það nú samt."

Björt segir að Björta framtíð sé ekki endilega búin að vera. „En við þurfum náttúrulega að fara í einhverja naflaskoðun, það er alveg ljóst." – aá



Helgi Hrafn Gunnarsson

9,2%

## Ógeðslega flókin staða

Ég er nú bara frekar sáttur, þrátt fyrir allt. Píratar hafa alltaf tapað fylgi í kosningum frá því sem kannanir hafa gefið til kynna þannig að við getum ekki verið annað en sátt," segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Hann segir þó stöðuna í stjórnmálunum snúna. „Þetta er ógeðslega flókin staða og ber þess merki að það er mikill óstöðugleiki í stjórnmálum," segir Helgi Hrafn og bætir við: „Það sem skiptir mestu máli núna er að stjórnmálamenn geti fundið ábyrga lausn á því hvernig menn myndi stjórn, án þess að fara í sama gamla farið og trukka bara málum í gegn í risastórum meirihluta. Þessar aðstæður bara neyða alla stjórnmálamenn til að sýna ábyrgð," segir Helgi. – aá



Logi Már Einarsson

12,1%

## Ánægð með tvöföldunina

Við erum auðvitað mjög ánægð með að hafa rúmlega tvöfaldað fylgið og vera komin aftur í stöðu sem gerir okkur kleift að byggja betur undir þetta áfram," segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, en flokkurinn fékk 12,1 prósent atkvæða og sjö menn kjörna.

„Okkur finnst auðvitað sorglegt að þrátt fyrir að vera í stöðu sem er með þriðja mesta fylgið í prósentum fáum við færri þingmenn en sá flokkur sem er með tæplega tveimur prósentum minna fylgi," segir Logi og bætir við:

„Við missum einn mann þarna til Framsóknar. Þetta er sérkennilegt kerfi." Logi segir enn fremur að flokkurinn muni beita sér fyrir nýrri stjórnarskrá sem taki á þessum vanda. – þea



Svandís Svavarsdóttir

16,9%

## Stjórnarmyndun ekki einföld

Í fyrsta lagi gladdi mig mjög að Andrés Ingi var inni þegar ég vaknaði," segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.

Svandís segir stöðuna eftir kosningarnar ekki einfalda til stjórnarmyndunar. „En sú stjórnarandstaða sem veitti fráfarandi stjórn öflugt aðhald hefur meirihluta í nýju þingi þannig að það hlýtur að vera okkar fyrsta verk að reyna að ná þeim hópi saman," segir Svandís og bætir við:

„Svo er náttúrulega rosalegt að sjá þessa miklu karlaslagsíðu hjá þessum nýju flokkum og það er mjög mikið bakslag. Þarna eru að koma inn flokkar sem bera með sér mikinn anda fortíðar og það eru vonbrigði og þeim mun meiri ástæða til að halda anda kvenfrelsis til haga." – aá



Pálmey Gísladóttir

0,36%

## Halda áfram sinni vinnu

Þetta var svo sem fyrirséð. Ég hefði viljað sjá meira afgerandi niðurstöðu því það stefnir sýnist mér í stjórnarkreppu. Það er ekki gott," segir Pálmey Gísladóttir, formaður Dögunar. Flokkur hennar fékk 0,36 prósent atkvæða í Suðurkjördæmi og bauð fram í því eina kjördæmi. Fékk flokkurinn því engan mann kjörinn á þing en þetta var í þriðja sinn sem Dögun býður fram til Alþingis.

„Þetta breytir ekki miklu í okkar málum. Við höldum áfram að vinna með okkar málefni," segir Pálmey og bætir því við að það hafi verið mjög ánægjulegt að flestir flokkar hafi tekið upp málefni Dögunar og komi til með að fara inn á þing með þau í farteskinu. – þea



Þorsteinn Víglundsson

6,7%

## Niðurstöðurnar varnarsigur

Við unnum ákveðinn varnarsigur. Þetta eru engu að síður vonbrigði. Við höfðum væntingar til þess að ná meiri árangri miðað við kannanir í vikunni fyrir kosningar þannig að þetta var heldur lakari niðurstaða en við vorum að vonast eftir," segir Þorsteinn Víglundsson, oddviti Viðreisnar í Reykjavík norður, en flokkurinn fékk 6,7 prósent atkvæða og fjóra þingmenn.

Þorsteinn segir að tekist hafi að snúa þungri stöðu við. „Við förum frá því að vera að þurrkast út af þingi og í það að ná inn fjórum þingmönnum. Það er auðvitað ánægjuefni. Nú er bara verkefnið að byggja ofan á það." – þea



Þorvaldur Þorvaldsson

Alþýðufylkingin 0,2%

## Krakkakosningar góður fyrirboði

> Við bjuggumst kannski ekki við miklu strandhöggi í þingmannafjölda.
>
> Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar

Mér sýnist að við höfum ekki bætt við okkur atkvæðum frá því síðast. Það eru svo sem ýmsar ástæður fyrir því. Við bjuggumst kannski ekki við miklu strandhöggi í þingmannafjölda í þessum kosningum. Hins vegar höfum við náð talsverðum árangri," segir Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar, en flokkurinn fékk 0,2 prósent atkvæða og engan mann kjörinn.

Þorvaldur segir flokkinn hafa fengið talsvert af nýjum félögum og að sjónarmið hans hafi fengið meiri athygli. Þá hafi hann heyrt í mörgum sem hafi til dæmis mælst næst flokknum í kosningaprófum en ekki kosið flokkinn af einhverri ástæðu. Til að mynda þeirri að flokkurinn hafi ekki mælst nærri fimm prósenta þröskuldinum.

„Hluti af þessu er að bæði fjölmiðlar og ýmsir aðilar hafa að því er virðist tekið höndum saman við að gefa bjagaða mynd af okkur og okkar tilvist og þátttöku í kosningunum. Þar ber hæst þessa fáheyrðu ákvörðun RÚV að útiloka okkur frá lokaumræðunni í sjónvarpinu," segir Þorvaldur. Hann bætir því við að flokkurinn hafi komið vel út úr krakkakosningunum og það sé góður fyrirboði. – þea



Gunnar Bragi Sveinsson

10,8%

## Miðflokksmenn í hæstu hæðum

Við erum í miklu stuði. Þetta er mjög skemmtilegt," segir Gunnar Bragi Sveinsson, oddviti Miðflokksins í Suðvesturkjördæmi, en flokkurinn fékk 10,8 prósent atkvæða og sjö menn kjörna í sínum fyrstu kosningum.

„Við vissum eiginlega ekki við hverju við áttum að búast í ljósi þess að við vorum að gera þetta allt á einhverjum þremur vikum. Fyrsti sigurinn var að ná að bjóða fram, annar sigurinn var að sjá að við myndum ná yfir fimm prósentin og allt umfram það var bara frábært," segir Gunnar Bragi.

Gunnar Bragi bætir því við að flokksmenn séu í hæstu hæðum. Aðspurður um nýtt þing segir hann: „Mér líst alltaf vel á Alþingi, ég held að menn muni reyna að tala saman um sterka ríkisstjórn og einhenda sér í verkefni fyrir samfélagið. Við erum að sjálfsögðu tilbúin í ríkisstjórn." – þea



Guðlaugur Þór Þórðarson

25,2%

## Segir vinstri atlögunni hrundið

Niðurstaðan er sú að vinstri atlögunni er hrundið. Skoðanakannanir sem sýndu stórsigur vinstri aflanna gengu ekki eftir. Það var hart sótt að okkur Sjálfstæðismönnum, og þá sérstaklega að formanninum, en það tókst að bægja því frá," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík norður. Flokkurinn fékk 25,2 prósent atkvæða og sextán þingmenn.

„Ég er sérstaklega þakklátur öllum þeim hundruðum sjálfboðaliða sem lögðu hönd á plóg í Reykjavík og gerðu það að verkum að við erum enn forystuflokkur í báðum kjördæmum og afskaplega þakklátur fyrir þann stuðning sem ég fékk í Reykjavík norður. Þar héldum við þremur mönnum," segir Guðlaugur. – þea



Willum Þór Þórsson

10,7%

## Var við ramman reip að draga

Ég er ofsalega stoltur af okkar frammistöðu í þessu. Við höfum kallað þetta varnarsigur sem hann sannarlega er. Við lögðum upp með leikgleði og baráttu og það skein í gegn allan tímann. Í sögulegu samhengi er auðvitað erfitt að mæta svona klofningsframboði. Það tekur á," segir Willum Þór Þórsson, oddviti Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, en flokkurinn fékk 10,7 prósent atkvæða og átta þingmenn.

> Við lögðum upp með leikgleði og baráttu og það skein í gegn allan tímann.
>
> Willum Þór Þórsson, oddviti Framsóknarflokksins í Kraganum

Willum segist mjög ánægður með að koma aftur inn á þing en hann datt út í síðustu kosningum. „Það var vígi að verja og Eygló Harðardóttir hætti eins og ljóst er. Margt gott fólk fór frá okkur til Miðflokksins og það var við ramman reip að draga. En við náðum upp góðri samstöðu og náðum að verja þetta vígi." – þea



Inga Sæland

Flokkur fólksins 6,9%

## Inga auðmjúk og þakklát

Ég er auðmjúk og ofsalega þakklát fyrir þann mikla stuðning og það traust sem kjósendur hafa sýnt okkur. Það er gríðarleg ábyrgð sem við erum sannarlega tilbúin að axla. Við erum tilbúin til verksins, það er ekkert flóknara en það," segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins. Flokkurinn fékk 6,9 prósent atkvæða og fjóra menn kjörna í sínum öðru kosningum.

„Þetta eru átta flokkar sem er sögulegt í okkar stjórnmálasögu. Auðvitað verður eilítið snúnara að ná saman en ég held samt sem áður, miðað við það sem kom fram í kosningabaráttunni, að það ætti að vera greinilegur vilji til þess að fara að vinna og gera góða hluti. Ég held við munum fá góða stjórn sem stendur sig og verður traust í heilt kjörtímabil," segir Inga. – þea


# Álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2017 er lokið

**Álagningarseðlar** eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á rsk.is og skattur.is.

**Álagningarskrár** fyrir hvert sveitarfélag liggja frammi á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða sérstaklega auglýstum stöðum dagana 30. október til 13. nóvember 2017 að báðum dögum meðtöldum.

**Kærufresti** vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur föstudaginn 29. desember 2017.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 98. gr. laga nr. 90/2003.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:0 | Fyrirmyndar stofnun 2017

Nánari upplýsingar á rsk.is

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA!

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 106 STK.



Toppar 1/4 - 1/2”
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, fastir lyklar,
bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI106B

**16.900** m/vsk
Fullt verð 25.193

**TILBOÐ**

## TOPPA OG BITASETT 94 STK



Toppar 1/4 - 1/2”
Stærðir 4 - 32mm
Djúpir toppar 14 - 22mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**11.900** m/vsk
Fullt verð 17.092

**TILBOÐ**

## TOPPA OG BITASETT 151 STK



Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2”
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

**19.900** m/vsk
Fullt verð 29.151

**TILBOÐ**

## VERKFÆRASETT 96 STK



Toppar 1/4 - 1/2”
Stærðir 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**18.900** m/vsk
Fullt verð 27.807

**TILBOÐ**

## VERKFÆRATASKA STÁL 111 STK



Toppar 1/4 - 1/2”
Stærðir 4 - 32 mm
Fastir lyklar frá 8 til 19 mm
og margt fleira

vnr IBTGCAZ111A

**32.898** m/vsk
Fullt verð 43.864

**TILBOÐ**

## VERKFÆRATASKA STÁL 94 STK



Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2”
Stærðir 4 - 32 mm
Fastir lyklar frá 6 til 16 mm
og margt fleira

vnr IBTGCAZ094A

**31.783** m/vsk
Fullt verð 47.894

**TILBOÐ**




## 214 STK VERKFÆRAVAGN



7 skúffur
1/4, 3/8 og 1/2” topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn, djúpir toppar,
höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar, splittatangir,
tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás.









vnr IBTGE-21408

**169.648** m/vsk
Fullt verð 206.888

Tilboðsverð gilda til 6. nóvember eða á meðan birgðir endast.

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

**SINDRI**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Eitt áfram og tvö aftur á bak



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Góðu fréttirnar eru að átta stjórnmálaflokkar unnu sigur í einum og sömu alþingiskosningunum. Ekki ósvipað íþróttamótum yngstu krakkanna þar sem allir koma heim með medalíu og stóðu sig frábærlega. Það er jú aðalatriðið að vera með í hollri hreyfingu og góðum félagsskap, hafa gaman og öðlast persónulegan þroska. En þetta er víst því miður ekki alveg svona einfalt og eftirleikurinn gæti reynst snúinn.

Vondu fréttirnar þurfa þó ekkert endilega að felast í því að flokkarnir þurfi að endurhugsa mögulega aðkomu sína að ríkisstjórn. Það gæti jafnvel reynst íslenskum stjórnmálum, jafnt stökum hreyfingum sem stuðningsmönnum þeirra, bráðhollt að átta sig á því að þetta er bara dálítið eins og í lífinu. Fæst okkar fá nefnilega allt sem við viljum og okkur langar í og það gerir okkur bara gott að gera málamiðlanir og leita lausna. Þröngt mega sáttir sitja og allt það.

Því er hins vegar ekki að neita að í niðurstöðu kosninganna er að finna ákveðið afturhald. Hlutur kvenna á þingi hefur ekki verið jafn rýr síðan 2007 og það er slæmt. Það er slæmt vegna þess að það er æskilegt að þingheimur endurspegli þjóðina og það er slæmt vegna þess að sú orðræða og menning sem fylgt hefur fjölgun kvenna á þingi síðustu ár og áratugi hefur verið til bóta. Það er ágætt að hafa það í huga að þegar Ísland stóð sem verst þá var það reynd stjórnmálakona sem tók það að sér að taka til eftir efnahagshrun hinna jakkafataklæddu karla sem höfðu stefnt öllu í voða með ofurtrú á ágæti sitt og snilli. Innistæðan var aldrei til staðar en Íslendingar virðast vera furðufljótir að gleyma þegar veskinu er veifað.

Ef horft er til þess að fráfarandi ríkisstjórn sprakk vegna eigin leyndarhyggju og baráttu almennings gegn kynferðisofbeldi og þöggun, þá er niðurstaða kosninganna óneitanlega vonbrigði. Íslenskt samfélag virðist í það minnsta ekki vera tilbúið til þess að vega og meta stjórnmálin á siðferðislegum grunni heldur virðast krónur og aurar halda áfram að vera upphaf og endir alls. Þær byltingar sem fyrst og fremst konur hafa gert síðustu misseri gegn kynferðislegu ofbeldi voru stórt skref fram á við í siðferðislegu tilliti fyrir íslenskt samfélag en því miður má segja að niðurstaða kosninganna sé tvö skref aftur á bak í þessum sömu málum.

Þess er þó óskandi að þær konur sem komust á þing sem og aðrir fylgjendur kvenfrelsis og framfara muni ekki láta sitt eftir liggja. Að þau muni hafa hátt sem aldrei fyrr og sjá til þess að leyndarhyggju og kynbundnu ofbeldi verði útrýmt með öllu úr íslensku samfélagi. Það er kannski fjarlægur draumur en engu að síður eina raunverulega leiðin fram á við fyrir samfélag sem virðist margklofið og þarf að finna raunverulega sátt og framtíð fyrir alla.

> **Að þau muni hafa hátt sem aldrei fyrr og sjá til þess að leyndarhyggju og kynbundnu ofbeldi verði útrýmt með öllu úr íslensku samfélagi.**

gæði – þekking – þjónusta
PÖKKUNARVÉLAR - BRETTAVAFNINGSVÉLAR - BINDIVÉLAR
BAKKALOKUNARVÉLAR - FLÆÐIPÖKKUNARVÉLAR
FILMUPÖKKUNARVÉLAR - KASSALOKUNARVÉLAR
VAKÚMVÉLAR
Mikið úrval af vakúmvélum sem henta einstaklingum og fyrirtækjum
FÁÐU TILBOÐ

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

### Halldór




## Frá degi til dags

**Birgir ódrepandi**
**Núverandi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, Birgir Ármannsson, heldur þingsæti sínu þrátt fyrir að flestar kannanir í aðdraganda kosninga hafi bent til þess að hann væri utan þings. Birgir hefur setið samfleytt á þingi frá árinu 2003 og oft verið tæpur á því að vera inni. Oftar en einu sinni hefur hann verið jöfnunarþingmaður. Þá hefur það komið fyrir að hann yrði undir í prófkjöri en þeir sem höfðu hann undir enduðu utan þings. Það virðist hreinlega vera að Birgir hafi fæðst undir einhverri heillastjörnu sem geri honum kleift að halda velli, hvað sem tautar og raular.**

**Óöfundsverður forseti**
**Í fyrsta sinn í sögunni verða átta flokkar á þingi. Það að mynda tveggja flokka stjórn er ómögulegt og fyrirséð að það gæti tekið tíma að sætta þrjá flokka til samstarfs. Það gæti því orðið höfuðverkur fyrir forseta lýðveldisins að ræða við alla, leggjast undir feld og ákveða hver á að fá stjórnarmyndunarumboðið og hvenær það skal gert. Auðveldast væri sennilega að setja bara alla listabókstafina í hatt og draga þá upp einn af öðrum þar til nægur þingstyrkur fyrir meirihluta liggur fyrir. Þeir flokkar yrðu svo bara að vinna saman, hvað sem tautar og raular.** joli@365.is

## Umbrot



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísinda- og þingmaður

Í umbrotunum á undan kosningunum bar nokkuð á því að sumar megineldstöðvar landsins minntu á sig. Vöktunarkerfi Veðurstofunnar er mjög gott og veitir vefsíða hennar okkur sjaldgæfa innsýn í snörl og hristing í innviðum helstu eldstöðvakerfa landsins, einkum í virkni í miðlægum eldfjöllum (megineldstöðvunum). Jarðskjálftavirkni er líflег á Íslandi. Það sést glöggt á vefsíðunni góðu og má rekja mest af skjálftum til hreyfinga jarðflekanna sem mjakast í gagnstæðar áttir um svæði sem liggur á ská þvert yfir landið og á Suðurlandi og úti fyrir Norðausturlandi.

Nú er vert að fylgjast vel með fimm megineldstöðvum: Heklu, Bárðarbungu, Grímsvötnum, Kötlu og Öræfajökli. Í Heklu hefur smáskjálftavirkni aukist nokkuð undanfarið og fjallið er bólgnara en það var fyrir eldgosið 2000. Bárðarbunga hristist og þeim fjölgar heldur skjálftunum yfir 3 og 4 að stærð. Dýpi á allmarga smærri skjálfta bendir til innkomu kviku í jarðlög undir fjallinu. Hlíðar þess lyftast, og öskjubotninn hreyfist. Grímsvötn er sú megineldstöð sem oftast gýs og minna gos 1998, 2004 og 2011 á það. Þar stefnir brátt í einhver umbrot, ef að líkum lætur. Katla hefur verið að hitna í bráðum tvo áratugi sem sést á fjölgun háhitasvæða undir jökli. Nokkurt landris hefur mælst þar, sem að hluta stafar af rýrnun jökulsins. Tíðni allharðra skjálfta í öskju eldfjallsins eykst og dýpi á suma smærri skjálftana er á bilinu 15-25 km. Það getur einna helst vísað til kviku á ferð. Frammi fyrir því er mikilvægt að hækka og styrkja veggarð við fjallsendann skammt frá Höfðabrekku sem á að varna vatnsflaumi leið inn að Vík. Undanfarin tæp tvö ár er tekið að bera á smáskjálftum í Öræfajökli sem ekki stafa af hruni í skriðjöklum og þar hefur mælst jarðskjálfti yfir 3 að stærð.

Hér verður löng saga eldstöðvanna og geta þeirra til umbrota ekki rakin en minnt á að við erum að mörgu leyti vel undir eldgos búin. Gosin eru engu að síður ávallt óskrifað blað og gott að efla vöktun, rannsóknir og viðbúnað.

> **Nú er vert að fylgjast vel með fimm megineldstöðvum: Heklu, Bárðarbungu, Grímsvötnum, Kötlu og Öræfajökli.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Sorry seems to be the hardest word



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
hæstaréttarlögmaður

Í leiðara í Fréttablaðinu, 12. nóvember 2015, fullyrti aðalritstjóri 365 að fréttaflutningur Fréttablaðsins af Hlíðamálinu væri réttur og ekkert tilefni væri til að biðjast afsökunar. Þetta væri bara góð blaðamennska.

Með dómi héraðsdóms tveimur árum síðar voru þrettán ummæli sem fjórir blaðamenn 365 höfðu viðhaft ómerkt auk þess sem umfjöllun Stöðvar 2 var talin brot á friðhelgi einkalífs.

Af því tilefni skrifaði aðalritstjórinn nýjan leiðara í Fréttablaðið, 27. október sl., þar sem hann staðhæfði að með dómi héraðsdóms hafi verið þrengt svo að andrými fjölmiðla að það gæti vart talist annað en ritskoðun.

Og í viðtali við Vísi sagði aðalritstjórinn:

*„Í dómnum er gengið alltof langt í að takmarka umfjöllun af rannsóknum í kynferðisbrotamálum. Ég er ósammála því, að það megi ekki fjalla um kynferðisbrot, sem eru til rannsóknar.“*

Þvert á það sem ritstjórinn segir er farið yfir hver og ein ummæli lið fyrir lið með rökstuddum hætti í dómnum og aðeins hluti þeirra ómerktur. Í rökstuðningi dómsins segir meðal annars:

*„Dómurinn tekur undir þau sjónarmið stefndu að mikilvægt sé að flytja fréttir af rannsókn lögreglu af kynferðisbrotamálum ...*

*Þrátt fyrir að sterkt sé tekið til orða um að ætluð brota stefnefnda hafi verið hrottaleg þykir stefnda ekki hafa farið út fyrir mörk leyfilegrar tjáningar.“*

Héraðsdómur er því sammála aðalritstjóranum um mikilvægi þess að fluttar séu fréttir af kynferðisbrotamálum sem sæta rannsókn lögreglu. Af rökstuðningi dómsins er jafnframt ljóst að héraðsdómur veitir blaðamönnum 365 verulegt svigrúm til þess að kveða fast að orði og jafnvel fara rangt með.

Hvers vegna segir þá aðalritstjórinn að dómurinn takmarki umfjöllun um kynferðisbrot sem eru til rannsóknar? Líklega telur aðalritstjórinn heppilegra að veifa röngu tré en öngvu og freista þess þannig að beina athyglinni frá því augljósa í málinu.

Sem er að aðalritstjóranum og blaðamönnunum fjórum varð alvarlega á í messunni og lögðu þannig líf tveggja manna í rúst. Einhverjum kynni að þykja afsökunarbeiðni við hæfi.






HAUSTFUNDUR LANDSVIRKJUNAR
Silfurberg í Hörpu
**Fimmtudagur 2. nóvember** kl. 8.30–10.00
Morgunhressing í boði frá kl. 8.00

Endurnýjanleg orka er verðmætari

Landsvirkjun hefur frá upphafi unnið endurnýjanlega orku. Vitundarvakning um umhverfis- og loftslagsmál hefur aukið verulega verðmæti slíkrar raforku. Á haustfundinum fjalla sérfræðingar okkar um þessi verðmæti frá ýmsum hliðum. Greint verður frá því hver áhrif loftslagsbreytinga hafa verið á orkuvinnslu og nýtingu íslenska kerfisins, hvernig endurnýjanleg orka er orðin eftirsóttari og hvernig nýta má hana á ábyrgan og sjálfbæran hátt.



**Hörður Arnarson** Hlutverk Landsvirkjunar – fjárhagsleg staða – endurnýjanleg orka
**Úlfar Linnet** Áhrif bráðnunar jökla á íslenska orkukerfið
**Ásbjörg Kristinsdóttir** Bætt nýting auðlindar við Búrfell

**Ljósafossstöð** – Endurnýjanleg orka í 80 ár

**Einar Mathiesen** Hvernig tryggjum við endingu aflstöðva?
**Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir** Samspil orku og ferðamála

**Kröflustöð** – Vagga jarðvarma á Íslandi í 40 ár

**Valur Knútsson** Sjálfbær nýting jarðvarma á Þeistareykjum
**Ragnheiður Ólafsdóttir** Kolefnishlutlaus Landsvirkjun árið 2030

**Fljótsdalsstöð** – Orkuvinnsla og sjálfbærni í 10 ár

**Þórólfur Nielsen** Endurnýjanleg raforka á heimsvísu
**Birna Ósk Einarsdóttir** Markaðssetning endurnýjanlegrar raforku

**Ragna Árnadóttir** Endurnýjanleg orka er verðmætari

**Verið öll velkomin**
Skráning á www.landsvirkjun.is
#lvhaustfundur





Janus Daði Smárason stýrði meira og minna sóknarleik íslenska liðsins um helgina en hann er kominn í stórt hlutverk hjá Geir Sveinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Má ekki gleyma þeim bestu

**Stórt skref var tekið í kynslóðaskiptum landsliðsins í handbolta um helgina þegar ungir og nýir menn fengu mikið að spila gegn Svíum. Þeir njóta góðs af því að vera með heimsklassa leikmenn í kringum sig.**

HANDBOLTI „Fyrir utan fyrstu 20 mínútur í seinni leiknum var þetta í heildina bara mjög jákvætt,“ segir Sigursteinn Arndal, handboltasérfræðingur 365, um leikina tvo sem íslenska landsliðið spilaði á móti Svíum í síðustu viku. Sá fyrri vannst en sá síðari um helgina tapaðist.

Sigursteinn lét nýverið af störfum sem þjálfari U21 árs landsliðsins en hann hefur á ferli sínum sem þjálfari yngri landsliða stýrt mörgum af ungu strákunum sem eru að fá tækifæri með landsliðinu í síðustu leikjum og fengu nú á móti Svíþjóð. Kynslóðaskiptin eru komin og leikirnir tveir gegn Svíum lofa góðu.

„Það er gaman að sjá hvað við erum komnir langt í rauninni. Það er fátt búið að tala um meira en þessi komandi kynslóðaskipti en svo sáum við þarna að þetta verkefni er komið lengra en margir héldu. Við höfum verið að mikla þessi kynslóðaskipti fyrir okkur og halda að þetta yrði svakalegt vesen en við vissum samt að við værum með marga flotta stráka sem hafa verið, meðal annars, að standa sig vel með yngri landsliðunum,“ segir Sigursteinn.

### Heimsklassa menn mikilvægir

Tíu leikmenn úr Olís-deildinni voru valdir í hópinn fyrir leikina tvo og strákar sem eru tiltölulega nýfarnir í atvinnumennsku eru komnir í stór hlutverk.

„Þetta eru allt strákar sem þrátt fyrir ungan aldur eru og voru í stórum hlutverkum hjá liðum sínum hérna heima og þeir tóku fullt út úr því. Þess vegna eru þeir á góðum stað í dag. Auðvitað eiga sumir þarna margt eftir að læra en það er nóg af hæfileikum þarna,“ segir Sigursteinn.

Hann bendir á að þrátt fyrir að nýjabrumið sé spennandi megi ekki gleyma reyndustu mönnum liðsins sem eru algjör lykill í þessari uppbyggingu.

„Það má ekki gleymast að við erum ennþá með heimsklassa leikmenn í Guðjóni Val og Aroni Pálmarssyni. Það er þessum ungu strákum svo mikils virði að hafa þá í kringum sig. Þetta er ekki ósvipað og var fyrir Gylfa og strákana í fótboltalandsliðinu að hafa Eið Smára þarna. Guðjón kennir þessum strákum svo mikið og það var gaman að heyra það frá honum hversu langt á veg þessir ungu menn eru komnir,“ segir Sigursteinn.

### Þarf að selja Ými línuna

Maður seinni leiksins var vafalítið Ýmir Örn Gíslason en Valsmaðurinn var algjörlega magnaður í vörninni. Strákurinn úr Olís-deildinni pakkaði saman stórstjörnum Svía og sýndi að hann er meira en klár í landsliðið og næstu skref á ferlinum.

> Ýmir hélt bara áfram að sýna það sem hann hefur verið að gera undanfarin misseri.
>
> Sigursteinn Arndal

„Hann hélt bara áfram að sýna það sem hann hefur verið að gera undanfarin misseri. Hann var algjörlega geggjaður í deildinni í fyrra, hefur verið það líka núna, hann var flottur í Evrópuleikjunum og þegar hann fékk eldskírnina með landsliðinu í júní. Það er ekki bara að hann sé góður heldur er hann svo skemmtilegur og mikill karakter. Hann hefur fullt af hæfileikum en það er þessi karakter sem gerir svo mikið fyrir hann. Hann þrífst á þessum barningi og látum,“ segir Sigursteinn.

Valsmenn hafa verið að reyna að gera hann að miðjumanni en flestir áhugamenn um íslenska landsliðið vilja sjá hann fara inn á línu.

„Hann var notaður á línunni í sjö á móti sex og stóð sig frábærlega. Drengurinn þarf náttúrlega að vilja spila á línunni en Valsmenn þurfa bara að selja honum þessa hugmynd. Okkur vantar fleiri góða línumenn og hann gæti verið alveg magnaður línu- og varnarmaður sem myndi um leið fækka skiptingum hjá okkur. Við höfum undanfarin ár verið með marga í liðinu sem geta bara spilað annað hvort,“ segir Sigursteinn Arndal.

tomas@365.is






## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Snæfell - Valur 71-78**

**Snæfell**: Kristen Denise McCarthy 25/14 fráköst/7 stolnir, Anna Soffía Lárusdóttir 15, Sara Diljá Sigurðardóttir 12, Rebekka Rán Karlsdóttir 12, Berglind Gunnarsdóttir 5, Andrea Bjort Ólafsdottir 2.
**Valur**: Hallveig Jónsdóttir 21/7 fráköst, Alexandra Petersen 18/10 fráköst/7 stoðsendingar, Kristrún Sigurjónsdóttir 14, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 10, Ragnheiður Benónísdóttir 7, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 3/8 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 3/8 fráköst, Ásta Júlía Grímsdóttir 2.

**Njarðvík - Breiðablik 60-75**

**Njarðvík**: Shalonda R. Winton 30/14 fráköst, Hrund Skúladóttir 15, Ína María Einarsdóttir 6, Björk Gunnarsdótir 5, Linda Þórdís Barðdal Róbertsdóttir 4/10 fráköst.
**Breiðablik**: Ivory Crawford 34/17 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 11, Aldís Erna Pálsdóttir 10, Sóllilja Bjarnadóttir 10, Auður Íris Ólafsdóttir 5, Lovísa Falsdóttir 3, Isabella Ósk Sigurðardóttir 2/10 fráköst.

**Haukar - Keflavík 81-78**

**Haukar**: Cherise Michelle Daniel 38/12 fráköst, Helena Sverrisdóttir 22/15 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Rósa Björk Pétursdóttir 10, Fanney Ragnarsdóttir 8, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir 3.
**Keflavík**: Brittanny Dinkins 23/13 fráköst/13 stoðsendingar/6 stolnir, Þóranna Kika Hodge-Carr 17/8 fráköst, Thelma Dís Ágústsdóttir 13/9 fráköst, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 12, Birna Valgerður Benónýsdóttir 5, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 4/7 fráköst, Kamilla Sól Viktorsdóttir 2, Erna Hákonardóttir 2.

**Stjarnan - Skallagr. 71-77**

**Stjarnan**: Danielle Victoria Rodriguez 20/11 fráköst/9 stoðsendingar, Bríet Sif Hinriksdóttir 14, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 13/7 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 10, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8/14 fráköst, Jenný Harðardóttir 3, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 3.
**Skallagrímur**: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 29/10 fráköst, Carmen Tyson-Thomas 23/20 fráköst/9 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 18, Guðrún Ósk Ámundadóttir 5, Bríet Lilja Sigurðardóttir 2.

**Staðan:** Valur 10, Haukar 10, Stjarnan 8, Skallagrímur 6, Breiðablik 6, Keflavík 4, Snæfell 4, Njarðvík 0.

ORRI FRÁ FRAM Á NÝTT ÁR
Orri Freyr Gíslason, línu- og varnarmaður Íslands- og bikarmeistara Vals í Olís-deild karla í handbolta, fór í aðgerð á þumalfingri á laugardaginn og spilar ekki meira á þessu ári. Þetta er mikið áfall fyrir Valsliðið enda Orri einn albesti varnarmaður deildarinnar og lykilmaður hjá Val. „Ég hitti lækni á fimmtudaginn og hann sagði mér að liðbandið í þumlinum væri orðið svo skaddað að ég fór beint í aðgerð. Hann skar þetta upp og saumaði liðbandið,“ segir Orri Freyr. Hann verður í gifsi í sex vikur og svo kemur í ljós hvað gerist eftir þann tíma. „Ég er búinn fram að áramótum. Nú fer ég bara inn í persónulegt þriggja mánaða undirbúningstímabil. Lífið leikur alveg við mig,“ segir Orri Freyr léttur. Valur er í öðru sæti Olís-deildarinnar með ellefu stig, stigi á eftir FH sem á leik til góða.



## Í dag

19.50 Burnley - Newcastle Sport

# Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 30. OKTÓBER 2017



Vetrarförðunin einkennist af dökkum eða áberandi litum.

→4



Afmælisbarn hrekkjavökunnar sem Laugardagsbarónessa.


Öðruvísi Jólahlaðborð fyrir hópa

Forréttir
Rjómalöguð sjávarréttasúpa
Karrísíld
Rússnesk rauðrófusíld
Grafinn lax og karfi
Tvíreykt sauðahangikjöt

Aðeins 3.900 kr. á mann!

Ath! Eingöngu afgreitt fyrir hópa
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

Aðalréttir
Jólalambakótilettur í raspi
Grillsteikt lambalæri bernaise
Dönsk purusteik
Allt góða og hefðbundna meðlætið

Eftirréttir
Hjónabandssæla
Ís og ávextir



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is


# Fullorðna fólkið sleppir fram af sér beislinu

Rebekka Hlín Rúnarsdóttir elskar að klæða sig í búninga og hlakkar lengi til hrekkjavökunnar en í ofanálag á hún einmitt afmæli 31. október.



**Rebekka Hlín Rúnarsdóttir hefur sérstök tengsl við hrekkjavökuna. Bæði er hún mikið fyrir búninga og svo á hún afmæli 31. október.** MYND/ANTON BRINK




VILTU HALDA VEISLU?

JÓLAHLAÐBORÐ
FERMINGAR
BRÚÐKAUP
ÁRSHÁTÍÐIR
ERFIDRYKKJUR
FUNDIR
RÁÐSTEFNUR
AFMÆLI

EFRI SALURINN ER LAUS FYRIR ÞIG ...

SÓLON BISTRO·BAR

BANKASTRÆTI 7A - 101 REYKJAVÍK - S. 562 3232



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is




**Heldurðu upp á hrekkjavöku?** Ég fagna hrekkjavökunni samhliða afmælinu mínu sem ber víst upp á 31. október ár hvert. Ég á góðar minningar úr grunnskóla þegar mesta áskorunin var að finna hræðilegustu hryllingsmyndina á vídeóleigunni til þess að horfa á í afmælisveislunni minni. Þó finnst mér graskeraútskurður og hryllilegir búningar það besta við þessa hátíð.

**Hvaða merkingu hefur hrekkjavakan fyrir þér?** Hrekkjavakan er aldagömul hefð sem einungis nýlega hefur fest rætur hér á landi. Þó að yfirbragðið hér sé kannski meira tengt tiktúrum stórverslana sem vilja selja okkur varning þá má ekki gleyma rótum hrekkjavökunnar, nándinni við þá framliðnu. Hér á Íslandi er sterk hefð fyrir mórum, skottum og ýmsum öðrum ærsladraugum og því er ekki fjarri lagi að halda hér upp á 'dag hinna dauðu' eins og fjölmörg önnur lönd gera.

**Finnst þér gaman að fara í búning?** Ég elska að klæða mig í búninga og finn mér alltaf ný tilefni fyrir svoleiðis. Við búum orðið svo vel hér á Íslandi að eiga tvo búningadaga, öskudag og hrekkjavöku, og því er engin afsökun fyrir fólk að taka ekki þátt allavega annan daginn. Hrekkjavakan fyrir mér er orðin sá dagur sem fullorðna fólkið sleppir fram af sér beislinu og bregður sér í ýmis gervi, sumir vinna hörðum höndum að búningum mánuðum saman, enda búningasamkeppnir orðnar árlegur viðburður.

**Býrðu til þína eigin búninga?** Ég hef reynt það já, þó ég hafi kannski ekki verið jafn metnaðarfull og margir sem ég þekki og alls ekki jafn hæfileikarík með latex og gerviblóð. Ég hef þó komist að því að pallíettur og glimmer geta fleytt manni ansi langt.

**Hvernig færðu útrás fyrir búningagleðina ef það er hvorki hrekkjavaka né öskudagur?** Ég er svo heppin að vera hluti af burlesque danshópnum „Dömur og herra“ sem heldur reglulega kabarettkvöld. Atriðin í kabarett snúa oftar en ekki að flottum búningum og því hafa ófáir klukkutímar farið í saumaskap. Hinar dömurnar og herrann eru hvert öðru flinkari með nálina og ýmsir skemmtilegir búningar hafa litið dagsins ljós, einhleypar köngulær, kynþokkafullar múmíur og kabarett drottningar. Ég get lofað fleiri skemmtilegum búningum og atriðum á jólasýningunni okkar sem verður þann 28. desember.

**Hvað viltu segja um búninginn sem þú ert í á myndinni?** Búningurinn er kabarettbúningur með smá virðingarvotti til Mardi Gras hefðarinnar sem til dæmis er mjög áberandi í New Orleans kringum hrekkjavöku og kjötkveðjuhátíðina. Kabarettinn og Mardi Gras eru að mörgu leyti tengd og þess vegna finnst mér passa vel að leiða þessi áhrif saman. Andlitsmálningin er svokölluð sykurkúpumálning eða „sugar skull“ en aldagömul hefð er að setja sykurkúpur á leiði á ástvina á Allra sálna messu 1. nóvember og hjátrúin gerir ráð fyrir að hinir látnu rísi upp til að borða kræsingarnar.

**Hvernig verður svo aðalbúningurinn þinn núna?** Þetta árið hef ég verið aðeins of upptekin og því verður búningurinn minn frekar einfaldur, blá hárkolla, hvítur sloppur og viskípeli, semsagt 'Rick Sanchez' úr hinni vinsælu teiknimyndaseríu „Rick and Morty“. Sumir myndu kannski segja að það sé bannað að fara í búning sem er ekki til þess gerður að vekja upp ótta hjá fólki, en ég hef heyrt að sumum finnist þessir sjónvarpsþættir 'hræðilega' leiðinlegir og því held ég að þetta sleppi hjá mér í ár.



Hér má sjá hugmynd að búningi taka á sig mynd. Pípuhatturinn vísar bæði í kabaretthefðina og í hinn svokallaða Baron Samedi eða Laugardagsbaróninn sem er þekkt minni úr vúdútrú.



Andlitsmálning Rebekku er vísun í hinar svokölluðu sykurkúpur eða „sugar skulls“ sem voru lagðar á leiði á hrekkjavökunni í Rómönsku-Ameríku.

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

| Nr. | Verð | Áður |
|---|---|---|
| 2042 | 149.900 KR. | ~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~ |
| 2046 | 270.220 KR. | ~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~ |
| 6010 | 288.620 KR. | ~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~ |
| 6090 | 267.020 KR. | ~~ÁÐUR: 404.900 KR.~~ |
| 115 | 369.420 KR. | ~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~ |
| 113 | 297.420 KR. | ~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~ |
| 2021 | 304.620 KR. | ~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~ |
| 1002 | 539.900 KR. | ~~ÁÐUR: 746.000 KR.~~ |
| 104 | 329.420 KR. | ~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~ |
| 118 | 313.420 KR. | ~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~ |
| 129-3 | 385.420 KR. | ~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~ |

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

**Graníthöllin**
**Legsteinar**

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# Lagabreyting til verndar fyrirsætum í New York

Þingkona vill gera breytingu á jafnréttislögum í New York-ríki til að tryggja að fyrirsætur fái vernd gegn kynferðislegri misnotkun og áreitni líkt og annað fólk á vinnumarkaði.

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Eftir að fjöldi kvenna sakaði kvikmyndaframleiðandann Harvey Weinstein um kynferðislega misnotkun og áreitni hefur umræðan um kynferðisofbeldi opnast. Í framhaldi af því hófst umræða um þá kynferðislegu áreitni og misnotkun sem karlmenn í tískuheiminum beita fyrirsætur.

## Skortir lagalega vernd

New York-borg er almennt talin ein aðaltískuborg heims og á mánudag lagði Nily Rozic, þingkona á löggjafarþingi New York-ríkis, fram lagafrumvarp sem snýst um að láta umboðsskrifstofur fyrirsæta bera ábyrgð á að vernda fyrirsætur sínar gegn öllum tegundum af misnotkun og áreitni.

Vegna tæknilegra samningsatriða geta umboðsskrifstofur komist hjá því að bera ábyrgð á velferð fyrirsæta svo þær njóta ekki verndar gagnvart áreitni og mismunun á sama hátt og annað vinnandi fólk. Hugmyndin er að gera breytingu á jafnréttislögunum sem er sérstaklega hönnuð til að vernda fyrirsætur. Rozic vonast til að lagabreytingin taki gildi á næsta ári.

## Umkringdar rándýrum

Á síðustu vikum hafa margar fyrirsætur birt frásagnir af kynferðislegri áreitni og misnotkun á Instagram-síðu fyrirsætunnar og aðgerðasinnans Cameron Russell. Ofurfyrirsætan Christy Turlington Burns ræddi líka þennan vanda nýlega og sagði að tískuheimurinn væri „umkringdur rándýrum sem þrífast á þeirri stanslausu höfnun og einmanaleika sem svo margar okkar hafa upplifað einhvern tíma á ferlinum“.

Í vikunni var svo þekktur tískuljósmyndari, Terry Richardson, sakaður um að hafa stundað kynferðislega áreitni árum saman og fyrir vikið ætla nokkur stór tískufyrirtæki að hætta að vinna með honum.

Þekktur breskur tískuálitsgjafi, Caryn Franklin, sem hefur varað við hegðun Richardsons árum saman, hélt því þó fram í viðtali við breska miðilinn The Guardian að fyrirtækjunum væri fyrst og fremst umhugað um að vernda vörumerki sín í kjölfar allrar umræðunnar sem fór af stað eftir ásakanirnar á hendur Weinstein, en séu ekki að hugsa um að vernda fyrirsætur.



Fyrirsætur á sýningu Calvin Klein í New York. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýtti stöðuna til misnotkunar

Samkvæmt rannsókn Los Angeles Times nýtti Harvey Weinstein sér stöðu sína innan tískugeirans til að áreita og misnota fyrirsætur á sama hátt og hann gerði við leikkonur. Weinstein fjárfesti ríkulega í tískutengdum verkefnum og framleiddi sjónvarpsþáttinn Project Runway, þar sem keppt er í tískuhönnun.

Samkvæmt rannsókninni notaði Weinstein tengslin við tískuheiminn sem átyllu til að lokka fyrirsætur til sín. Fjölmargar fyrirsætur segja að þar hafi hann reynt að þvinga þær inn í kynferðislegar aðstæður gegn vilja þeirra. Weinstein segist sjálfur muna atburði á mjög ólíkan hátt og að ekkert sé hæft í þessum ásökunum.




# Varirnar mega vera áberandi í vetur

Dökkar áberandi varir, augnskuggar í málmlitum og litaðar kinnar verða áberandi í vetur samkvæmt því sem nú er sýnt á tískuvikum úti í heimi.

Það er margt spennandi að gerast í förðun ef marka má kynningu á nýjustu tísku. Gull-, silfur- eða koparlituð augnlok. Litir sem fara flestum vel og eru fínlegir við sparifötin. Berjalitir á vörum virðast sömuleiðis vinsælir. Litirnir mega vera dökkir en einnig má sjá skæra liti. Sólarpúður hefur lengi verið vinsælt og svo verður áfram.

Flestir nota svartan maskara en nú má gjarnan breyta um lit og hafa hann bláan eða grænan. Þá er vinsælt að lita augnhárin með svörtum lit en setja síðan gull- eða silfurlit yfir.

Þá er kominn tími til að skipta út pastellitum naglalökkum fyrir dökka og glitrandi liti og þá frekar í köldum tónum. Dökkblár litur á neglur er vinsæll um þessar mundir eftir því sem greint er frá í tímaritinu Vogue.

Annars eru margir litir í tísku þennan veturinn, sérstaklega þykja alls kyns grænir litir eftirsóknarverðir. Svo má alveg setja á sig fallegt rautt naglalakk í stíl við varalitinn.



Varirnar mega vera rauðar við vetrarfötin.



Dökkir litir eru gjaldgengir í förðun, jafnt á varir sem neglur.

Hárið má vera frjálslegt. Snúðar uppi á höfðinu hafa verið vinsælir en nú skulu þeir liggja aftan á hálsinum. Sömuleiðis má setja hárið í tagl og binda um það með veglegu silkibandi. Þegar Chanel sýndi hausttískuna 2017 voru flestar fyrirsæturnar með tagl í hárinu.

KYNNINGARBLAÐ

# Norðurland

MÁNUDAGUR 30. OKTÓBER 2017

**Kynningar:** Sigló hótel, Akureyrarbær, Háskólinn á Akureyri



Siglufjörður skartar sínu fegursta jafnt sumar sem vetur. Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu síðustu ár með tilkomu Sigló hótels.

# Sigló er Paradís allt árið

Siglufjörður hefur undanfarin ár fest sig í sessi sem heilsárs paradís. Með tilkomu Sigló hótels hafa sprottið upp fjölbreyttir og skemmtilegir afþreyingarmöguleikar sem fjölgar enn. Finnur Yngvi Kristinsson, hótelstjóri Sigló hótels segir kósýheit einkenna svæðið. →2



Útsýni er yfir smábátahöfnina, hjarta bæjarins. Gestir hótelsins geta látið líða úr sér í heitum potti og gufubaði eftir ánægjulegan dag á útivistarsvæðum Siglufjarðar. MYNDIR/SIGLÓ HÓTEL

Siglufjörður er hrein paradís bæði sumar sem vetur og hér á fólk afar notalega upplifun," segir Finnur Yngvi Kristinsson, hótelstjóri Sigló hótels. Meðal afþreyingar sem verið er að byggja upp á svæðinu er golfvöllur, endurbætt skíðasvæði og göngu- og hjólaleiðir við skógræktina.

„Nýr og stórglæsilegur golfvöllur verður tekinn í gagnið næsta sumar. Níu holu völlur sem hefur sérstöðu á Íslandi. Völlurinn gengur inn í skógræktina og út í ána og frá honum er frábært útsýni yfir fjörðinn," segir Finnur. „Á vallarsvæðinu eru göngustígar í gegn og fólk getur einnig hjólað um svæðið. Þetta er ekki bara golfvöllur heldur fallegt útivistarsvæði sem fólk getur nýtt á marga vegu. Stígagerð er að ljúka og verið að ganga frá göngubrúm yfir ána og bekkjum. Völlurinn sjálfur er tilbúinn og klárar nú að gróa fyrir næsta sumar."

## Skógræktin laðar að

Skógræktin er mikil útivistarparadís bæði sumar og vetur. Gamli vegurinn er nýttur bæði til gönguferða og hjólreiða en vinsælt er að fara í Fat-bike hjólaferðir um svæðið. „Fólk hefur einnig skíðað niður í skógræktina og í gegnum hana og þá höfum við einnig verið með snjóþrúgugöngur um svæðið, að fossinum. Þetta er heil ævintýraveröld, sérstaklega á veturna."

## Hjólaferðir

„Hér er einnig boðið upp á Fat-bike ferðir um mjög skemmtilegar leiðir, til dæmis er hjólað yfir ána svo fólk fær aðeins að blotna og brosa. Til baka er farin aðeins erfiðari leið með drullumalli og fjöri. Einnig er boðið upp á að byrja eða enda Fat-bike hringinn á kajakferð um fjörðinn. Til viðbótar eru einnig í boði léttari hjóla- eða gönguferðir innanbæjar þar sem komið er við á súkkulaðikaffihúsi Fríðu og í Bruggverksmiðju Seguls 67 og víðar."

## Uppbygging á skíðasvæði

Framkvæmdir standa yfir á skíðasvæði Siglufjarðar og frekari uppbygging á því svæði. Þeim verður lokið næsta sumar. Veturinn 2019-2020 er því stefnt á að bjóða upp á nýtt og stórendurbætt svæði.


Glæsilegur níu holu golfvöllur verður opnaður næsta sumar.


Framkvæmdir standa yfir á skíðasvæði Siglufjarðar.


Kósýheit einkenna alla umgjörð og hönnun Sigló hótels.


Möguleikar eru á fjölbreyttri útivist, meðal annars Fat-bike hjólreiðum.

> Heildaryfirbragðið á öllu vinnur að því að toga fólk inn í ákveðna menningu og notalegheit sem ríkja hér á staðnum.
>
> Finnur Yngvi Kristinsson

## Kokteilbar og matur úr héraði

Sigló hótel er 68 herbergja hótel sem opið er allt árið um kring. Þar er veitingastaður, kokteilbar og arinstofa. Heitur pottur er staðsettur við sjóinn og infrarautt gufubað sem gestir geta notið. Hótelið er hlýlegt og notalegt og segja má að hönnunin gangi öll út á kósýheit.

„Heildaryfirbragðið á öllu vinnur að því að toga fólk inn í ákveðna menningu og notalegheit sem ríkja hér á staðnum," útskýrir Finnur Yngvi. „Til dæmis með því að bjóða þægilega afþreyingu og útivist sem gefur þreytu í kroppinn sem fólk getur svo látið líða úr sér í pottinum og gufunni.

Á Sigló hóteli bjóðum við upp á góðan kokteilbar og frábæran veitingastað með útsýni yfir smábátahöfnina þar sem hjarta bæjarins slær. Gestir geta fylgst með bátunum koma inn með aflann og njóta svo góðra fiskrétta á veitingastaðnum. Við leggjum áherslu á að vinna sem mest með mat úr héraði, segir Finnur."

## Fundir og jólahlaðborð

„Á Sigló hóteli eru einnig fundar- og veitingarými, bæði inni á hótelinu og hinum megin við höfnina þar sem við erum með tvo veitingastaði sem opnir eru fyrir hópa. Þar eru einnig góð fundarrými og veitingasalir þar sem við keyrum meðal annars jólahlaðborðin okkar, sem eru að fara í gang núna, auk tónleika og annarra skemmtana."

Nánari upplýsingar á www.siglohotel.is

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is




Skíðalyftan Fjarkinn er ein sjö skíðalyfta sem fara upp á Hlíðarfjall með ánægða skíðaiðkendur, en áætlað er að skíðalyfturnar flytji tæplega 5000 manns ár hvert á áfangastað efst í skíðabrekku.

# Skíðað um jól, áramót og páska

**Í Hlíðarfjalli er sannkölluð skíðaparadís rétt við bæjardyr Akureyringa og gesta bæjarins. Þar eru frábærar aðstæður til skíða- og snjóbrettaiðkunar og gleðin alltaf við völd.**

Ein af perlum Akureyrar er Hlíðarfjall og fólk sækir þangað hvaðanæva að á landinu. Guðmundur Karl Jónsson er forstöðumaður Hlíðarfjalls

„Hérna koma milli 70 og 100.000 manns þegar er opið sem er frá miðjum desember fram í lok apríl,“ segir Guðmundur Karl og bætir við að þessar tölur staðfesti að Hlíðarfjall sé vinsælasta skíðasvæði landsins. „Við erum með nokkuð stöðugt skíðafæri af því við getum framleitt snjóinn,“ segir Guðmundur og segir að það sé vissulega þörf fyrir það á Akureyri þó þar sé oftast frekar snjóþungt á veturna. „Þú veist ekki í nóvember hvernig veðrið verður í febrúar og það borgar sig að búa til birgðir af snjó. Við framleiðum snjóinn mest í nóvember og desember og svo vonum við að það komi ekki hláka. Og það er upp og ofan hvenær við þurfum að ganga á birgðirnar. En flest skíðasvæði heims framleiða snjó til að tryggja rekstrargrundvöllinn óháð sveiflum í veðri.“

## Helstu topparnir í vetrarfríinu

„Vetrarfríin byrja um miðjan febrúar og eru næstu tvær vikur á eftir,“ segir Guðmundur aðspurður um hvenær mesta aðsóknin sé í fjallið. „Flestallir grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu eru í fríi á þessu tímabili og þá er vinsælt að koma norður.“

Hann segir páskana fylgja fast á eftir. „Það eru ekki páskar hjá sumum nema þeir komist á skíði. Þá erum við með svokallaða 24 tíma opnun, opnum skíðasvæðið milli þrjú og fjögur á föstudegi og lokum ekki fyrr en ellefu á laugardagskvöld. Þetta hefur mælst vel fyrir, sérstaklega finnst fólki frábært að skíða þegar sólin er að koma upp.“

Guðmundur segir að erlendum gestum fari fjölgandi með hverju árinu. „Við erum með stóra skíðaleigu sem er mjög vinsæl. Fólk er reyndar almennt farið að leigja búnaðinn í meiri mæli en áður og skíðasvæðin eru farin að leggja meiri áherslu á að hafa nýjan og góðan búnað í leigunum.“

Hann bendir líka á starfsemi skíðakennara í fjallinu. „Við erum með skíðaskóla fyrir börnin og þar rúlla í gegn svona þrjú þúsund krakkar á ári. Svo er annað námskeið sem við köllum Það er aldrei of seint að byrja og það er ætlað byrjendum og þeim sem fóru síðast á skíði í um og í kringum síðustu öld. Það eru margir sem koma á það námskeið sem hafa ekki farið á skíði í 15-20 ár. Svo geturðu líka pantað þér einkakennslu.“




Snjóbrettin eiga vaxandi vinsældum að fagna í Hlíðarfjalli.
MYNDIR/AUÐUNN NÍELSSON



Skíðaskóli barnanna nýtur stöðugra vinsælda en áætlað er að um 3000 börn stundi þar nám ár hvert undir leiðsögn reyndra skíðakennara.

## Franskar og kakó

Af hefðum kringum skíðaiðkun í Hlíðarfjalli nefnir Guðmundur Karl heimsókn í veitingasöluna. „Þú ferð ekki á skíði í Hlíðarfjall nema þú fáir þér franskar kartöflur og kakó. Saman. Það er alveg sérstakt bragð. Svo erum við með fulla veitingaþjónustu þar sem við erum með flotta gúllassúpu og margt annað. Við fáum 80 prósent af fólkinu á skíði um helgar og þá er aðkomufólkið að leggja af stað á föstudagsmorgni og skíðar á föstudegi seinnipart, allan laugardaginn og fer svo heim á sunnudagskvöld.“ Aðspurður hvort álagið verði stundum of mikið segir hann svo ekki vera. „ Það er aldrei uppselt í fjallið. Við erum með sjö lyftur með mismunandi erfiðleikastigi sem geta samanlagt flutt 4.920 manns á klukkustund svo að ég held að lengsta biðröðin í stólalyftuna hafi verið 20 mínútur sem þykir ekki mikið.“ Hann segir að skíði séu fyrir alla aldurshópa. „Elsti iðkandinn sem ég man eftir er 92 ára gamall maður sem renndi sér hér á skíðum og svo eru eins árs börn á snjóþotu. Hér er líka hægt að vera á brettum og svo er töfrateppi sem er þægilegt fyrir krakka og þá sem eru að læra.“

Sjö fastir starfsmenn vinna í Hlíðarfjalli allt árið. Á sumrin er unnið að viðhaldi og uppbyggingu á skíðasvæðinu en veturinn fer að mestu í að þjónusta gesti og fjölgar þá starfsfólki í um 70 manns.

„Það er hérna starfsemi allan sólarhringinn þegar við erum komin af stað. Það þarf að troða snjóinn, svo er viðgerðateymi, lyftuverðir vakta lyfturnar, skíðagæslan hugar að merkingum á leiðunum, miða- og veitingasalan og starfsfólkið í skíðaleigunni og skíðakennararnir þannig að þetta er talsverður fjöldi sem er hér í vinnu á stórum dögum.“

## Opnar 30. nóvember

„Við ætlum að opna fimmtudaginn 30. nóvember ef veður leyfir,“ segir Guðmundur Karl og greinilegt að hann er farinn að hlakka til. „Þá bjóðum við upp á kakó og höfum smá stemningu. Svo er að aukast að fólk komi um jólin til að fara á skíði. Í ár verðum við með opið á jóladag, gamlársdag og nýársdag. Flestir koma norður 27. desember svo það er talsverð traffík hérna frá því þá og fram yfir áramótin. En það er ennþá ekki í líkingu við vetrarfríið og þess háttar. Þetta er nýr markhópur, þeir sem eru farnir að átta sig á því að jólin eru ekki bara jólatré og hamborgarhryggur heldur líka snjór!“ segir Guðmundur Karl að lokum.

# Gott mannlíf og mýkri taktur

**Sólveig Eiríksdóttir flutti til Akureyrar síðastliðið vor og kann mjög vel við sig í bænum. Hún vann við að sýna ferðamönnum Norðurland í sumar en hefur nýlega hafið störf hjá Akureyrarbæ.**




**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is


Ég stóð á tímamótum og mér fannst tilvalið að flytja norður og búa í grennd við börn og barnabörn. Í raun þekkti ég ekki til á Akureyri en tvö af mínum þremur börnum búa hér, ásamt sínum fjölskyldum með tvö af mínum þremur barnabörnum, og jafnframt var ég komin nær Austurlandinu þar sem ég ólst upp. Ég hafði fulla trú á að fá starf þó það væri ekki fundið þegar ég flutti,“ segir Sólveig Eiríksdóttir sem áður bjó í Reykjavík.



Fegurð, gróðursæld og stuttar vegalengdir er á meðal þess sem Sólveigu líkar einna best við Akureyri. Stressið sé mun minna en í höfuðborginni.

Fegurð, gróðursæld og stuttar vegalengdir er á meðal þess sem Sólveigu líkar einna best við Akureyri. „Ég næ að útrétta mikið á einum klukkutíma, öfugt við Reykjavík þar sem mér finnst orðið of mikið um umferðarteppur. Það kom mér mest á óvart hvað það er mikill munur á mannlífinu hér miðað við Reykjavík. Hér er minna stress og mjög áþreifanlegt að fólk er í öðrum takti.“

Spurð hvað hægt sé að gera sér til dægrastyttingar á Akureyri nefnir Sólveig að gaman sé að rölta í miðbæinn eða í Lystigarðinn, fara á listasýningar, kaffihús eða bókakaffi. „Ég er sífellt að uppgötva eitthvað nýtt og skemmtilegt. Stundum eru viðburðir í Hlöðunni í Litla-Garði en þangað er upplifun að koma. Svo er hægt að rúnta inn í Eyjafjörð eða út með firðinum og fara í gönguferðir um svæðið í kring, til að eitthvað sé nefnt.“



Sólveig stóð á tímamótum og fannst tilvalið að flytja til Akureyrar til að vera nær börnum og barnabörnum. MYND/HELENA STEFÁNSDÓTTIR

### Velvild og vinátta

Sólveig segir Akureyringa hafa tekið mjög vel á móti sér og hefur fundið mikla velvild í sinn garð. „Stuttu eftir að ég flutti hingað var ég svo heppin að vera boðin í félagsskap Zonta kvenna og hlakka ég mikið til að vinna með þeim að málefnum sem styðja konur. Þá skráði ég mig fyrir matjurtagarði sem hægt er að leigja af bænum. Að koma á það svæði er eins og að fara inn í annan heim eða annað land. Því miður var skikinn minn einn af þeim verst hirtu í sumar en ég er staðráðin í að gera betur að ári og aðrir ræktendur upplýsa mann fúslega ef spurt er, auk umsjónarfólks sem leiðbeinir manni líka.“

### Stórkostlega náttúra á Norðurlandi

Sólveig var að byrja í nýrri vinnu hjá Akureyrarbæ og er að setja sig inn í starfið eins og stendur. Hún hlakkar til að sinna nýju starfi og kynnast nýju samstarfsfólki og verkefnum. „Í sumar var ég hins vegar svo ljónheppin að vinna sem leiðsögumaður hjá SBA og fara með fólk af skemmtiferðaskipum í dagsferðir í rútum. Það eru forréttindi að kynna fyrir erlendum gestum þessa fallegu staði á Norðurlandi og fólk var hrifið af þeirri stórkostlegu náttúru sem við höfum hér allt í kring. Jarðfræðin hér er heillandi og hefur kveikt áhuga minn og ég geri mitt besta til að útskýra hana frekar. Mývatnssvæðið, Dimmuborgir, Hveraröndin við Námaskarð og Jarðböðin, svo eitthvað sé nefnt. Goðafoss og torfbærinn í Laufási, þetta eru allt staðir með aðdráttarafl. Skemmtilegast þótti mér að fara með hópa í gönguferð á Hverfjall og þaðan niður í Dimmuborgir. Ferð á Siglufjörð þar sem við sáum meðal annars síldarsýningu var ógleymanleg en á Siglufirði hefur verið uppbygging og ferðir þangað aukist í kjölfar ganganna sem opnuðu 2010. Lystigarðurinn á Akureyri er undur sem flestir hrífast af, enda þykir merkilegt að allur sá gróður sem þar er þrífist svona norðarlega. Gamli bærinn á Akureyri vekur athygli og einnig sú staðreynd að hér er flugvöllur,“ upplýsir hún glöð í bragði.



Bærinn er þekktur fyrir gróðursæld.

### Kindin sló í gegn

Sólveig segir að sér sé minnisstætt hversu mikla hrifningu það vakti á meðal ferðamanna þegar rútan þurfti að stoppa vegna þess að kind var á veginum sem tók sinn tíma til að víkja út af. „Þá var mikið klappað og hlegið og gerðist oftar en einu sinni í sumar. Gestirnir elska líka rauðu hjörtun í umferðarljósunum á Akureyri. Það er jú mikið betra að rautt hjarta stöðvi umferð en rautt umferðarljós. Það get ég vitnað um af eigin raun. Ég breyttist í aprílbyrjun í fjarnema við Endurmenntun Háskóla Íslands en þar er ég í leiðsögunámi sem er krefjandi en afar skemmtilegt nám. Ég hef kynnst góðu fólki sem er þar með mér í námi og hópurinn stendur þétt saman. Ég á því af og til leið suður en finnst alltaf gott að koma aftur heim á Akureyri.

# Líftæknin kom ánægjulega á óvart

**Helena Sævarsdóttir lauk BS-námi í líftækni frá Háskólanum á Akureyri fyrir stuttu og starfar nú við sitt fag hjá lyfjafyrirtækinu Alvotech. Námið veitti henni innsýn í fleiri skemmtileg fög.**

Ég var í sömu sporum og margir framhaldsskólanemar þegar ég útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands árið 2014. Ég vissi ekki hvað tæki við eftir stúdentspróf en fann að áhugasvið mitt lá klárlega innan raunvísindanna. Ég flutti til Akureyrar og ákvað því að kanna námsframboð við Háskólann á Akureyri. Nám í líftækni við auðlindadeildina vakti strax áhuga minn. Ég vissi ekkert um þetta nám, sem reyndist vera heil ný grein innan raunvísindanna, en fannst samt eitthvað heillandi við það og ákvað að slá til án þess að vita nákvæmlega hvað ég væri að fara út í,“ segir Helena Sævarsdóttir.

Þegar hún er spurð um hvað líftækni snúist segir Helena að skilgreina megi fagið á ótal marga vegu sem orsakist af því hversu víðtæk greinin er. „Hin hefðbundna skilgreining er að líftækni felist í notkun lifandi frumna eða annarra líffræðilegra kerfa, meðal annars í iðnaði eða umhverfismálum eða til rannsókna. Sem dæmi er líftækniiðnaður orðinn gríðarlega stór grein og ein af undirgreinum hennar er lyfjaframleiðsla. Í dag eru til dæmis átta af tíu söluhæstu lyfjum heims líftæknilyf svo þetta er stórt fag á alþjóðlegan mælikvarða.“



„Helstu kostirnir eru hversu þvergfaglegt líftækninámið er og ég fékk innsýn í mörg önnur skemmtileg fög. Ég var í staðarnámi og það hentaði mér mjög vel og öll aðstaða til náms er til fyrirmyndar,“ segir Helena. MYND/ANTON BRINK

Helena segir námið í líftækni við HA hafa komið sér ánægjulega á óvart. „Helstu kostirnir eru hversu þverfaglegt líftækninámið er og ég fékk innsýn í mörg önnur skemmtileg fög. Ég var í staðarnámi og það hentaði mér mjög vel. Aðgengi að kennurum er mjög gott og öll aðstaða til náms til fyrirmyndar, ekki síst hvað varðar verklega kennslu. Rannsóknarstofur HA eru mjög flottar og vel tækjum búnar. Við fengum að prófa öll tæki og vélar, sem kom sér mjög vel í öllum verklegum tímum og lokaverkefninu. Það er líka hægt að vera fjarnemi í líftækni við HA, sem hefur þann kost að fólk getur stundað nám hvar sem er á landinu eða jafnvel í útlöndum en komið í háskólann stöku sinnum í lotur.“

> **„Nemendahópurinn er þéttur enda færri nemendur en við aðra háskóla, þannig að við kynntumst vel og það var góð stemning í hópnum.**
>
> Helena Sævarsdóttir

Félagslífið við skólann er mjög fjölbreytt og líflegt og segist Helena vel hafa fundið að hún var hluti af öflugu háskólasamfélagi. „Nemendahópurinn er þéttur, enda færri nemendur en við aðra háskóla, þannig að við kynntumst vel og það var góð stemning í hópnum.“

Að loknu námi fékk Helena strax vinnu hjá Alvotech, sem stefnir að því að framleiða líftæknilyf. „Það er ótrúlega margt í boði fyrir líftæknifræðinga og sá markaður fer stækkandi með hverju árinu. Ég mæli heilshugar með þessu námi,“ segir hún.

# Fasteignir.is

Vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

44. TBL. MÁNUDAGUR 30. OKTÓBER 2017



**Sigurður Samúelsson**
Lögg. fast. og eigandi
sigurdur@landmark.is
sími 896 2312

**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri og eigandi
th@landmark.is
sími 770 0309

**[illegible]**
[illegible]
[illegible]
sími [illegible]

**Andri Sigurðsson**
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111

**Sveinn Eyland**
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820

**Kristján Ólafsson**
Löggiltur fast.
kol@landmark.is
sími 512 4900

**Nadia Katrín Banine**
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002

**Benedikt Ólafsson**
Í námi til lögg. /eigandi
bo@landmark.is
sími 661 7788

**Ingibjörg A. Jónsdóttir**
Löggiltur fast.
inga@landmark.is
sími 897 6717

**Eggert Maríuson**
Í námi til löggildingar
eggert@landmark.is
sími 690 1472

**Jóhanna Gustavsdóttir**
Í námi til löggildingar
johanna@landmark.is
sími 698 9470

**Helga Snorradóttir**
Skrifstofa/skjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900

**Guðrún D. Lúðvíksdóttir**
Skrifstofa/ í námi til lögg.
gudrun@landmark.is
sími 512 4900

**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir**
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

LANDMARK / SMÁRINN | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | www.landmark.is

LANDMARK SMÁRINN
Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu



**Elín Viðarsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
+354 695 8905

**Ertu í fasteignahugleiðingum?**
Nú er rétti tíminn til að hugsa sér til hreyfings.
**Vantar allar gerðir eigna á skrá**
Áralöng, dýrmæt og góð reynsla í fasteignaviðskiptum. Ég stend við bakið á þér alla leið.
**Nánari upplýsingar í síma 695 8905**



BERG FASTEIGNASALA

**Háholt 14, Mosfellsbær**
• Sími: 588 5530
• berg@berg.is - www.berg.is
• GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
*petur@berg.is*


# Sögulegt og sjarmerandi hús

Fasteignasala Reykjavíkur kynnir Drafnarstíg 3 (Skáholt). Sjarmerandi 5-6 herbergja einbýlishús á eignarlóð á skjólgóðum stað í Vesturbæ Reykjavíkur.

Fallegur garður í friðsælu og rótgrónu fjölskylduhverfi þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Eign sem býður upp á ýmsa möguleika. Eignin er á þremur hæðum og er skráð 111,1 fm samkvæmt Þjóðskrá Íslands sem skiptast í neðri hæð (48,4 fm), efri hæð (31,3 fm) og kjallara (31,4 fm). Neðri hæð: Komið er inn í flísalagt anddyri með fatahengi, stiga upp á efri hæð og nettri snyrtingu undir stiga. Úr anddyri er farið inn í eldhús og þaðan í önnur rými neðri hæðar.

Eldhúsið er bjart með hvítri innréttingu og gólfhlera niður í kjallara. Inn af eldhúsi er lítið herbergi. Úr eldhúsi er farið niður í steyptan, óinnréttaðan kjallara. Einnig er möguleiki að fara inn í kjallarann úr garðinum en í dag er sú aðkoma lokuð.

Stofan og borðstofan eru samliggjandi og þar mætti útbúa aukaherbergi. Úr borðstofu er farið út í



Húsið Skáholt er við Drafnarstíg í Vesturbæ Reykjavíkur.

skjólsælan garð með ágætis palli. Úr anddyri er gengið upp dúklagðan stiga á efri hæð.

Efri hæð: Komið er upp á bjartan stigapall. Á hægri hönd er mjög rúmgott herbergi með glugga í tvær áttir og hægt að gera úr því tvö minni herbergi. Annað ágætis herbergi er á efri hæðinni. Baðherbergi er með flísum á gólfi, baðkari með sturtu og glugga.

Allar nánari upplýsingar veita Salvör Þ. Davíðs, lgf. í síma 844-1421 eða salvor@fr.is og Sylvia Guðrún lgf. í síma 820-8081 / 477-7777 eða Sylvia @fr.is.


heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal, lögg. fasteignasali
Jón Bergsson, hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason, lögg. fasteignasali
Gunnlaugur A. Björnsson, lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir, lögfræðingur

Félag Fasteignasala
Finndu okkur á Facebook




**Strandvegur 14 Gbr - fimm herb.**
Falleg og vel skipulögð íbúð á annari hæð á vinsælum stað. Fjögur svefnherbergi, eldhús og stofa í samliggjandi opnu rými, útgengi út á vestur svalir frá borðstofu, Þvottahús í sér rými og sér stæði í lokaðri bílgeymslu. Fallegt útsýni út á sjó. Nánari uppl. veitir Brynjólfur, lgfs. s: 896-2953. **Opið hús á morgun kl. 17:15 - 17:45.**



**Einbýlishús Lyngberg 27, Þorlákshöfn.**
157,5 fm. einbýlishús ásamt 46,5 fm. bílskúr samtals 204 fm. við Lyngberg 27 á Þorlákshöfn. Eignin þarfnast lagfæringar en miklir möguleikar, er með nokkrar eignir á Suðurlandi sem sjá má á Heimili.is **verð frá 10,5 mil.** uppl. Gunnlaugur 617 5161 eða gab@heimili.is.



**Brekkubyggð á Blönduósi.**
Mjög vel skipulagt einbýli á einni hæð, alls 211 fm með bílskúr. Húsið er með fjórum herbergjum og tveim stofum. Stór suðursólpallur. Húsið er nokkuð upprunalegt en í góðu ástandi. **Verð 26 millj.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.




**Dvergabakki 4 - 3ja herb.**
3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýli. Íbúðin er mikið endurnýjuð og í góðu ástandi. Nýlegt baðherbergi, eldhús og gólfefni. Eignin er skráð 74,6 fm. Íbúðarrými 67,1 fm og geymsla 7,5 fm. Í sameign er sameiginlegt þvottahús og þurrkherbergi ásamt hjóla- og vagnageymslu. **Opið hús á morgun kl 17:30 - 18:00.** Upplýsingar veitir Bogi 6993444




**Lundur 92- 4ra herb. Opið hús**
Vönduð fullbúin 115 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Sérinngangur af svölum, yfirbyggðar svalir í suður og stæði í lokuðu bílksýli. Stutt í ala verslun og þjónustu ásamt fallegum gönguleiðum í Fossvogi. Laus til afhendingar. **V. 64,5 m. Opið hús í dag kl 17:30-18:00. Uppl. veitir Bogi 6993444**




**Barónsstígur - verslunarhúsnæði - góð staðsetning.**
Um 77 fm verslunahúsnæði á góðum stað í miðbænum. Húsnæðið hefur verið mjög mikið endurnýjað að innan. Það skiptist í opin góðan sal, vinnuaðstöðu, gott eldhús og í kjallara rúmgott herbergi/vinnustofu. **Verð 38,0 milljónir.** Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Skaftahlíð 13 - efri hæð og ris ásamt bílskúr.**
Glæsileg mikið endurnýjuð efri sérhæð ásamt risi. Heildarstærð íbúðarinnar er um 170 fm og svo fylgir bílskúr. Neðri hæðin er öll mikið endurnýjuð. Þar eru þrjú stór herbergi og tvær stórar glæsilegar stofur. Þrennar svalir eru á hæðinni. Mjög falleg og virðuleg hæð, frábær staðsetning. Risið er tilbúið til innréttinga. **V. 77 m**



**Maríubakki – góð 3ja á fyrstu hæð.**
Góð þriggja herbergja , 72 fm. íbúð á fyrstu hæð. Vel staðsett eign í örstuttri fjarlægð frá leikskóla, grunnskóla og margvíslegri þjónustu í Mjóddinni. Parket og flísar á gólfi, nýleg eldhúsinnrétting. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. **V. 31,5 m.** Upplýsingar veitir Hafdís 6998217.

530 6500 — Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is — 530 6500

# FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

*Við Styðjum Bleiku slaufuna 2017*

**520 9595**

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafdís Sölustjóri 820 2222 | Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 698 7695 | Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 | Berglind Fasteignasali 694 4000 | Jón Gunnar Sölufulltrúi 848 7099 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Sigríður Fasteignasali 699 4610 | Garðar Fasteignasali 899 8811 | Hrönn Sölufulltrúi 692 3344 | Alexander Sölufulltrúi 695 7700 | Halla Fasteignasali 659 4044 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 |

## Traðarberg 1
221 Hafnarfirði — **41.700.000**

LAUS VIÐ KAUP-SAMNING



**OPIÐ HÚS mánudaginn 30 okt. kl 17:30-18:00.**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 105 m²

4ra herbergja íbúð á góðum stað í Setberginu í Hafnarfirði á 2. hæð í litlu og góðu fjölbýli. Eignin er alls 104,8 fm að stærð sem skiptist þannig að íbúðin er 99,2 fm og sér geymsla 5,6. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, stofu/borðstofu, rúmgott eldhús, 3 svefnherbergi og geymslu.
**Upplýsingar veitir Þorsteinn fasteignasali í gsm: 694 4700**

## Árakur 5
210 Garðabæ — **48.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 31. okt kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 100,3 m² Sérinngangur

Mjög falleg og björt 3ja herb íbúð með sérinngangi á jarðhæð í viðhaldslitlu og fallegu tveggja hæða fjölbýli. Út frá stofunni er gengið út á hellulagðan sérafnotareit. Eignin skiptist í forstofa, tvö svefnherb, stofa, eldhús, baðherb. og þvottaherb. **Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Rauðhamrar 12
112 Reykjavík — **44.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 30. okt. kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 118 m²

Mjög góð 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérinngagni og stórum afgirtum sérafnotareit. Mjög rúmgóð og björt stofa, rúmgott eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi með sturtuklefa og baðkari, þvottahús og geymsla innan íbúðar, útgengi á skjólsælan sérafnotareitinn bæði úr eldhúsi og stofu. Bílastæði við innganginn.
**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Blómvellir 3
221 Hafnarfirði

**VERÐ: 76.900.000**









**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 31. okt. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 212,2 m²

Glæsilegt fjölskylduhús á eftirsóttum stað á Völlunum í Hafnarfirði. Um er að ræða einbýlishús á 2.hæðum með innbyggðum bílskúr og stóru skjólríku útisvæði á þaksvölum. Eignin er skráð 212,2fm og þar af er bílskúr 26,4fm. Aðkoman að húsinu er mjög falleg með hellulögðu bílaplani með hitalögnum, veröndum úr harðvið, lýsingu og fallegum gróðri. Gólfhiti er í öllu húsinu, granít á borðum í eldhúsi og svefnherbergin eru 5. Stutt er í skóla, leikskóla og þjónustu. **Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**



## Hraunbraut 3
200 Kópavogi — **39.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 30. okt. kl. 17.30-18.0**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 81,2 m²

LAUS VIÐ KAUPSAMNING. Falleg og björt neðri sérðhæð á þessum eftirsótta stað. Aðkoman er mjög góð, munstursteyptar stéttar, lýsing og fallegur gróður. Skjólrík hellulögð suðurverönd og bílastæði er fyrir framan hús. Austurhlið hússins var múrviðgerð og máluð , íbúðin var máluð að innan, skipt um flest gólfefni, eldhúsinnréttingu og tæki 2017. **Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Hvammabraut 8
220 Hafnarfirði — **34.900.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 30. okt. kl. 17:30-18:00.**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 107,4 m²

**LÆKKAÐ VERÐ – LAUS STRAX!!!** EINSTAKLEGA RÚMGÓÐ, FALLEG OG VEL SKIPULÖGÐ 3JA HERBERGJA ÍBÚÐ Á 1. HÆÐ MEÐ SUÐURSVÖLUM. Stór stofa/borðstofa, rúmgott eldhús með rými fyrir eldhúsborð, baðherbergi með sturtu og tengi fyrir þvottavél, sjónvarpshol og 2 góð svefnherbergi.
**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**

## Nýhöfn 7
Sjálandi Garðabæ — **Verð: 62-95 m**

SJÁVAR-ÚTSÝNI



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM 699-4610**

**Stærð:** 112,9-150,1m²

Glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishúsi við Nýhöfn 7 í Sjálandi Garðabæ.Glæsilegar innréttingar frá Brúnás, með steinplötu í eldhúsi og vönduðum AEG eldhústækjum. Baðherbergi verða búin vönduðum hreinlætistækjum, fallegri innréttingu, innbyggð blöndunartæki, flísalögð sturta með glerhlið og flísalagt gólf og veggir.

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Naustavör 7
200 Kópavogur

NÝTT



**AÐEINS 2 ÍBÚÐIR ÓSELDAR!!!**

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu fjölbýlishúsi við Naustavör 7 í Bryggjuhverfinu í vestubæ Kópavogs. Íbúðirnar eru frá 83-182 fm. Íbúðirnar verða með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar skilast án gólfefna en á baðherbergjum og þvottahúsi eru flísar á gólfi. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timbur veröndum. Í húsinu eru 2ja – 4ra herbergja íbúðir ásamt tveimur þakíbúðum. Bryggjuhverfið á Kársnesi í Kópavogi er staðsett á fallegum stað á móti Nauthólsvíkinni, fjölskylduvænu og fallegu umhverfi við sjávarsíðuna. Siglingafélagið Ýmir er með aðstöðu við smábátahöfnina og er það iðandi af lífi. Þar sem gönguleiðir, hjólreiðastígar og falleg útivistarsvæði eru í næsta nágrenni. Stutt á helstu umferðaræð borgarinnar

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Lundur 14-18
200 Kópavogi — **Verð: 49,5-67,5 m**

NÝTT



**AÐEINS 3 ÍBÚÐIR ÓSELDAR!!!**

**Herbergi:** 2-3

Fjölbýlishúsið við Lund 14-18 er 3 hæða með 6 íbúðum, stærð íbúða er frá 102,7 fm og upp í 156,9 fm. Við hönnun íbúðanna er haft að leiðarljósi að hafa þær bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum sem ná niður í gólf og hita í gólfum. Öllum íbúðunum mun fylgja stæði í lokaðri bílageymslu.. Íbúðirnar eru vandaðar og í þeim eru íslenskar innréttingar. Aðeins 3 íbúðir óseldar.

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

### *Furugrund 71 – Kópavogi. 3ja herbergja íbúð.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.00 – 18.30

Falleg 77,1 fm. íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í kjallara. Nýleg hvít háglansinnrétting er í eldhúsi. Útgengi á stórar svalir til suðurs bæði úr stofu og hjónaherbergi. Gólfefni eru endurnýjuð að mestu. Húsið er nýlega málað að utan, árið 2016.

**Aðkoma að húsinu er góð og næg bílastæði eru við húsið á stóru malbikuðu plani. Staðsetning eignarinnar er afar góð á veðursælum stað niður við Fossvoginn þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði HK og aðra þjónustu.**

**Verð 36,9 millj.**

### *Ásbraut 5 - Kópavogi. 4ra herbergja íbúð.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

90,8 fm. rúmgóð og þó nokkuð endurnýjuð íbúð á jarðhæð við Ásbraut ásamt sér geymslu. Rúmgóð stofa með útgengi á hellulagða veröndd til suðurs. Þrjú herbergi. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi , gólfefni og innihurðar. Stutt er í alla þjónustu og skóla. Snyrtileg sameign.

Gæludýr eru leyfð í stigaganginum.

**Verð 32,9 millj.**

### *Kambsvegur 23. Sérhæð ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Afar falleg 160,4 fm. sérhæð, miðhæð að meðtöldum 30,8 fm. bílskúr í húsi, teiknuðu af Kjartani Sveinssyni. Eldhús með gluggum til norðurs og vesturs. Rúmgóð stofa og borðstofa með stórum gluggum og svölum til suðurs. Fjögur herbergi. Húsið lítur vel út að utan og var málað árið 2011. Þak hefur verið endurnýjað í tveimur áföngum. Lóðin er vel hirt og í rækt. Staðsetning eignarinnar er afar góð, stutt í Laugardalinn, íþróttasvæði og sundlaug.

**Verð 61,9 millj.**

### *Furugrund 81 – Kópavogi. 2ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög falleg 57,6 fm. íbúð á 4. hæð, efstu, með stórum svölum til vesturs og frábæru útsýni auk sér 3,6 fm. geymslu í kjallara. Stofa með gluggum í tvær áttir og frábæru útsýni. Stórar svalir til vesturs. Nýmálaðar innréttingar í eldhúsi. Tengi fyrir þvottavél í baðherbergi.Sameign hússins er mjög snyrtileg.

**Góð staðsetning við Fossvogsdalinn**

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 33,9 millj.**

### *Njálsgata 16. 2ja herbergja íbúð með sérinngangi.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mikið endurnýjuð 44,1 fm. kjallaraíbúð með sérinngangi í miðborg Reykjavíkur. Búið er að endurnýja m.a. eldhús sem er með fallegri ljósri innréttingu og góðum borðkrók, baðherbergi sem er flísalagt að hluta, hluta gólfefna, raflagnir og skólplagnir. Þá var húsið nýlega einangrað og klætt með nýju bárujárni að utan.

**Verð 27,9 millj.**

## Glæsilegt sumarhús/heilsárshús í Skorradal.

**Glæsilegt sumarhús/heilsárshús á eignarlandi í Skorradal með stórkostlegu útsýni yfir Skorradalsvatn og fjallahringinn. Húsið skiptist m.a. í 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús, þvottaherbergi, sauna/gufubað. Vönduð gólfefni og flísalögð baðherbergi. Miklar og skjólgóðar verandir með vönduðum rafmagnspotti. Gott aðgengi að vatninu.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali í síma 570-4500 eða á netfanginu jon@fastmark.is**

### *Bakkastaðir 167. 4ra – 5 herbergja endaíbúð með sérinngangi.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg 4ra - 5 herbergja 124,9 fm. endaíbúð á jarðhæð í sex íbúða fjölbýli í Staðarhverfi í Grafarvogi. Íbúðin er með sérinngangi og afgirtri verönd til suðurs. Fjögur herbergi, öll með góðu skápaplássi. Stofa með gluggum til suðurs og austurs. Opið eldhús með fallegri innréttingu. Sérmerkt bílastæði á lóð.

Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

**Verð 49,9 millj.**

### *Furugrund 36 - Kópavogi. 4ra herb. endaíbúð auk íbúðarrýmis í kjallara.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Björt og vel skipulögð 87,1 fm. endaíbúð á 2. hæð, efstu, auk 24,3 fm. sér íbúðarrýmis í kjallara sem er nýuppgert. Góðar leigutekjur hafa verið af íbúðarrými í kjallara og liggur fyrir samþykki innan hússins varðandi útleigu þess rýmis. Svalir til suðurs út af stofu. Þrjú svefnherbergi. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Íbúðinni fylgir sérmerkt bílastæði á lóð.

**Verð 48,7 millj.**

### *Keilugrandi 6. 2ja herbergja íbúð.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 18.15 – 18.45

Mjög vel skipulögð og frábærlega staðsett 52,2 fm. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi við Keilugranda auk sér geymslu í kjallara hússins. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu með útgengi á svalir til suðvesturs, eldhús, rúmgott svefnherbergi og flísalagt baðherbergi.

**Góð staðsetning á eftirsóttum stað í vesturborginni þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, verslanir og aðra þjónustu.**

**Verð 29,9 millj.**

### *Ljósheimar 18. 4ra herbergja endurnýjuð íbúð.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg 87,6 fm. íbúð með sérinngangi af svölum á 2. hæð í lyftuhúsi við Ljósheima ásamt sér geymslu í kjallara. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð nýlega m.a. baðherbergi, gólfefni, raf – og neysluvatnslagnir. Stofa með gólfsíðum gluggum og útgengi á svalir til vesturs. Opið eldhús við stofu. Þrjú herbergi. Aðkoma að húsinu er góð og fjöldi bílastæða.

**Verð 37,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson**
*Lögg. fasteignasali*

**Guðmundur Sigurjónsson**
*Lögfræðingur, lögg. fasteignasali*

**Kjartan Hallgeirsson**
*Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri*

**Þórarinn M. Friðgeirsson**
*Lögg. fasteignasali, sölustjóri*

**Magnea S. Sverrisdóttir**
*MBA, lögg. fasteignasali*

**Hilmar Þór Hafsteinsson**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com






# SPÁÐ ER SENDINGUM Á 80 VIÐKOMUSTÖÐUM UM ALLT LAND

Við förum daglegar ferðir í alla landshluta með sendingar
af öllum stærðum og gerðum – sama hvernig viðrar.
Hafðu samband og fáðu tilboð í þína flutninga.

**flytjandi.is**

EIMSKIP
Flytjandi

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 10. umferðar 2017-18**

**Man. Utd - Tottenham 1-0**
1-0 Anthony Martial (81.).

**Arsenal - Swansea 2-1**
0-1 Sam Clucas (22.), 1-1 Sead Kolasinac (51.), 1-2 Aaron Ramsey (58.).

**C. Palace - West Ham 2-2**
0-1 Javier Hernández (31.), 0-2 Andre Ayew (43.), 1-2 Luka Milivojevic (50.), 2-2 Wilfried Zaha (90.).

**Liverpool - Huddersfield 3-0**
1-0 Daniel Sturridge (50.), 2-0 Roberto Firmino (58.), Georginio Wijnaldum (75.).

**Watford - Stoke 0-1**
0-1 Darren Fletcher (16.).

**WBA - Man. City 2-3**
0-1 Leroy Sane (10.), 1-1 Jay Rodriguez (13.), 1-2 Fernandinho (15.), 1-3 Raheem Sterling (64.), Matt Phillips (90.).

**Bournemouth - Chelsea 0-1**
0-1 Eden Hazard (51.).

**Brighton - Southampton 1-1**
0-1 Steven Davis (7.), 1-1 Glenn Murray (52.).

**Leicester - Everton 2-0**
1-0 Jamie Vardy (18.), 2-0 Demarai Gray (29.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 10 | 9 | 1 | 0 | 35-6 | 28 |
| Man. Utd. | 10 | 7 | 2 | 1 | 23-4 | 23 |
| Tottenham | 10 | 6 | 2 | 2 | 19-7 | 20 |
| Chelsea | 10 | 6 | 1 | 3 | 18-10 | 19 |
| Arsenal | 10 | 6 | 1 | 3 | 19-13 | 19 |
| Liverpool | 10 | 4 | 4 | 2 | 17-16 | 16 |
| Watford | 10 | 4 | 3 | 3 | 15-18 | 15 |
| Newcastle | 9 | 4 | 2 | 3 | 10-8 | 14 |
| S'ton | 10 | 3 | 4 | 3 | 9-10 | 13 |
| Burnley | 9 | 3 | 4 | 2 | 8-9 | 13 |
| Leicester | 10 | 3 | 3 | 4 | 14-14 | 12 |
| Brighton | 10 | 3 | 3 | 4 | 10-11 | 12 |
| Huddersf. | 10 | 3 | 3 | 4 | 7-13 | 12 |
| Stoke | 10 | 3 | 2 | 5 | 11-20 | 11 |
| WBA | 10 | 2 | 4 | 4 | 9-13 | 10 |
| West Ham | 10 | 2 | 4 | 5 | 10-19 | 9 |
| Swansea | 10 | 2 | 2 | 6 | 7-12 | 8 |
| Everton | 10 | 2 | 2 | 6 | 7-20 | 8 |
| B'mouth | 10 | 2 | 1 | 7 | 6-14 | 7 |
| C. Palace | 10 | 1 | 1 | 8 | 4-21 | 4 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**



Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Byrjaði á varamannabekknum á móti Leicester í 2-0 tapi en kom inn á fyrir Wayne Rooney í seinni hálfleik.



Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Verður í eldlínunni í kvöld þegar Burnley tekur á móti Newcastle í síðasta leik tíundu umferðar.



Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Var ekki með Cardiff vegna meiðsla í markalausu jafntefli við Millwall.



Reading
**Jón Daði Böðvarsson**
Gat ekki spilað vegna meiðsla þegar Reading tapaði 2-0 heima.



Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Var enn eina ferðina ónotaður varamaður hjá Bristol sem vann 2-1 útisigur.



Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Kom ekkert við sögu frekar en oft áður í baráttunni um Birmingham.




Marcus Rashford og Anthony Martial spila ekki mikið saman en þeir koma oft inn á hvor fyrir annan og eru báðir að spila mjög vel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skiptingin sem skilar alltaf sínu

**Anthony Martial var hetja Manchester United um helgina þegar hann skoraði sigurmarkið í stórleiknum gegn Tottenham. Frakkinn er með frábæra tölfræði á tímabilinu þrátt fyrir að vera ekki alltaf í byrjunarliðinu.**

**FÓTBOLTI** Manchester United vann mikilvægan sigur á Tottenham í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar um helgina en sigurmarkið skoraði Anthony Martial þegar átta mínútur voru til leiksloka.

Martial átti enn eina frábæra innkomu af bekknum en hann er nú búinn að skora fjögur mörk eftir að koma inn á sem varamaður. Hann skiptir næstum alltaf við Marcus Rashford en þeir spila sjaldnast saman.

Sigurinn var afskaplega mikilvægur fyrir United í baráttunni við samborgara sína í City sem neita hreinlega að tapa leikjum en lærisveinar Pep Guardiola eru enn með fimm stiga forskot eftir sigur á West Bromwich Albion á The Hawthorns á laugardaginn.

Tottenham hefði með sigri getað náð þriggja stiga forskoti á Manchester United en liðið var ansi bitlaust án Harry Kane og Fernando Llorente í framlínunni.

### 100 mínútur á milli marka

Anthony Martial kostaði fúlgur fjár þegar Manchester United keypti hann fyrir tveimur árum. Hann var orðaður við brottför frá félaginu í sumar en hefur þess í stað reynst einn besti leikmaður liðsins það sem af er tímabili.

Martial hefur byrjað sjö leiki fyrir United á leiktíðinni í öllum keppnum og komið sjö sinnum inn á. Hann er búinn að skora sex mörk og gefa fimm stoðsendingar og koma þannig að ellefu mörkum í fjórtán leikjum, þar af sjö sem varamaður.

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Liverpool þurfti nauðsynlega á sigri að halda eftir að fá aðeins tvö stig út úr síðustu þremur leikjum. Lærisveinar Jürgens Klopp svöruðu kallinu og völtuðu yfir Huddersfield sem vann Manchester United um síðustu helgi. Afar sannfærandi sigur hjá Liverpool.

**Hvað kom á óvart?**
David Unsworth, bráðabirgðastjóri Everton, setti Gylfa Þór Sigurðsson á varamannabekkinn. Það gekk lítið fyrir hann að skella skuldinni á dýrasta mann liðsins því ekki vannst sigur. Unsworth hugsar sig kannski tvisvar sinnum um næst.

**Mestu vonbrigðin**
Stuðningsmenn West Ham vonuðust eftir sterkum útisigri gegn Palace til að bæta ofan á deildabikarsigurinn á Tottenham. Liðið komst í 2-0 en missti forskotið niður í jafntefli. Síðasta markið var skorað í uppbótartíma. Afar svekkjandi fyrir Hamrana.

## Leikmaður helgarinnar

Sead Kolasinac, bakvörður Arsenal, átti mjög góðan leik þegar Skytturnar skutu niður Svanina úr Swansea í Lundúnum um helgina. Þjóðverjinn, sem kom frá Schalke í sumar, skoraði sitt fyrsta mark í ensku úrvalsdeildinni þegar að hann jafnaði metin í 1-1 áður en Aaron Ramsey tryggði Arsenal sigurinn. Kolasinac er nú búinn að skora þrjú mörk í þremur keppnum á leiktíðinni og leggja upp þrjú mörk í ensku úrvalsdeildinni. Hann lagði upp fimm mörk í þýsku 1. deildinni á síðustu leiktíð og var stoðsendingahæsti varnarmaður deildarinnar.



Það líða aðeins 100 mínútur á milli marka hjá Frakkanum sem José Mourinho virðist ekki vilja hafa inni á á sama tíma og Marcus Rashford.

Enski framherjinn hefur einnig spilað stórvel á tímabilinu en 128 mínútur líða á milli marka hjá honum.

Rashford er búinn að byrja tíu leiki og koma inn á sex sinnum, skora sjö mörk og leggja upp fimm. Hann er með örlítið betri tölfræði en Martial en töluvert fleiri mínútur spilaðar.

### Af hverju ekki báðir?

Sparkspekingar í Englandi spyrja sig nú hvers vegna þeir spili svona lítið saman inni á vellinum og hvor eigi í raun og veru að fá að byrja fyrst Mourinho virðist harður á því að þeir skipti mínútunum á milli sín á vinstri kantinum eða í framlínunni þegar svo ber undir.

Martial skapar 1,36 færi í leik en Rashford 0,94 þannig að miðað við tölfræði á móti spiluðum mínútum er Martial að standa sig betur þótt ekki muni miklu.

Það gæti svo haft áhrif á Mourinho að sigurhlutfallið á tímabilinu með Rashford í byrjunarliðinu er 90 prósent á móti aðeins 71 prósenti þegar Martial fær tækifæri sem byrjunarliðsmaður.

Mourinho virðist allavega vita hvernig hann fær það besta út úr báðum því það skiptir í raun ekki máli hvor þeirra byrjar og hvor kemur inn á fyrir hvorn því að þessi skipting skilar alltaf sínu.

tomas@365.is

# Engin hræðsla í nýliðunum

**Nýliðar Breiðabliks hafa komið skemmtilega á óvart í byrjun leiktíðar í Domino's-deild kvenna. Hildur Sigurðardóttir er á öðru ári sem þjálfari liðsins.**



Telma Lind Ásgeirsdóttir og stöllur hennar í Blikaliðinu eru að standa sig mjög vel í byrjun Íslandsmótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** Nýliðar Breiðabliks fylgdu eftir stórkostlegum sigri sínum á meistaraefnum Hauka í síðustu viku með útisigri gegn botnliði Njarðvíkur á laugardaginn. Blikarnir eru búnir að vinna þrjá leiki af sex og hafa komið skemmtilega á óvart í byrjun leiktíðar.

„Við erum mjög ánægðar með byrjunina enda var okkur spáð ansi neðarlega. Ég bjóst samt alltaf við því að við myndum eiga fullt erindi í öll liðin í deildinni. Ég er ánægð að sjá að stelpurnar mínar eru að ná að klára leikina og eru ekki hræddar við neitt,“ segir Hildur Sigurðardóttir, þjálfari Breiðabliks.

### Í lagi án hinnar Hildar

Hildur er á öðru ári í þjálfun en þessi margfaldi Íslandsmeistari sem leikmaður er að búa til spennandi lið úr leikmönnum sem voru mögulega nær því að hætta í körfubolta en að taka slaginn með Blikum.

„Það er gaman að þessir leikmenn vilji koma og spila fyrir óreyndasta þjálfarann í deildinni,“ segir Hildur og hlær við en nú síðast fékk hún Hvergerðinginn Marín Laufeyju Davíðsdóttur til að rífa fram skóna en þar fer flottur miðherji sem styrkir Blikaliðið.

> Það er gaman að þessir leikmenn vilji koma og spila fyrir óreyndasta þjálfarann í deildinni.
>
> Hildur Sigurðardóttir

„Marín hefur verið í langri pásu og var ekki til í að taka slaginn með okkur strax þegar við töluðum við hana í sumar. Hún tók nokkra leiki með Hamri og sá þá að hún á ennþá fullt erindi í þetta. Það er gaman að hún var líka spennt fyrir því að koma,“ segir Hildur, en skömmu áður en leiktíð hófst varð ekkert úr því að landsliðsmiðherjinn Hildur Björg Kjartansdóttir spilaði með nýliðunum þar sem hún fékk samning á Spáni.

„Hún er frábær leikmaður og með hana innanborðs hefði okkur verið spáð ofar. Við vorum samt aldrei að fara að standa í vegi fyrir þessu tækifæri. Við bættum ekki miklu við okkur og því héldu margir að við myndum ekkert geta en stelpurnar hafa verið á fullu hjá góðum styrktarþjálfara og eru í góðu standi og tilbúnar í þetta.“

### Vondur vinnutími

Hildur segist hafa gaman af því að þjálfa en óvíst er hvort hún verður eins lengi í þeim bransa og hún var sem leikmaður.

„Þetta er skemmtilegt starf en ég var að eignast barn í sumar þannig að þetta er svolítið púsluspil. Ég er með fínan aðstoðarþjálfara sem hjálpar mér í leikjum og tekur eina og eina æfingu með mér þannig að það er gott að leita til hans. Þessu fylgir samt hundleiðinlegur vinnutími. Það er erfitt að fara frá börnum á matmálstíma og þegar það er mikið að gerast heima. Ég tek bara eitt ár í einu í þessu. Það kemur betur í ljós hvernig þessi vetur verður hjá mér en kannski verður hægt að útfæra þetta eitthvað með aðstoðarþjálfara,“ segir Hildur Sigurðardóttir. tomas@365.is

### FRÁ ÁRÓSUM TIL ÁLABORGAR

Ómar Ingi Magnússon, landsliðsmaður í handbolta, fer að öllum líkindum frá Árósum til Arons Kristjánssonar í Álaborg næsta sumar, samkvæmt heimildum íþróttadeildar. Danmerkurmeistararnir eru að missa Martin Larsen og er Aron nú þegar byrjaður að byggja upp liðið fyrir næstu leiktíð. Danski landsliðsmaðurinn Henrik Möllgard kemur í sumar frá PSG en hann hefur reynst íslenska landsliðinu óþægur ljár í þúfu undanfarin ár. Ómar fór til Árósa frá Val fyrir tveimur árum en nú stefnir allt í að hann verði samherji Janusar Daða Smárasonar og Arnórs Atlasonar í Álaborg. Hann er einn af þeim leikmönnum sem Aron vill fá og getur, samkvæmt heimildum, losnað tiltölulega auðveldlega frá Árósaliðinu.



### NÁÐI FJÓRUM LÁGMÖRKUM

Sunddrottningin Hrafnhildur Lúthersdóttir náði lágmörkum í fjórum greinum fyrir EM í sundi sem fer fram í Danmörku í desember. Hrafnhildur var í góðum gír á Extramóti SH og náði EM-lágmarki í 50, 100 og 200 metra bringusundi og 100 metra fjórsundi. Hún var aðeins 0,06 sekúndubrotum frá Íslandsmeti sínu í 50 metra bringusundi. Tólf sundmenn náðu lágmörkum fyrir Norðurlandameistaramótið sem haldið verður í Reykjavík í byrjun desember.



## Merkisatburðir





**1451** Kristófer Kólumbus landkönnuður fæðist.

**1936** Mikið tjón verður vegna sjávarflóða á Suðvesturlandi.

**1953** Mörður Árnason stjórnmálafræðingur fæðist.

**1960** Diego Maradonna knattspyrnumaður fæðist.

**1970** Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, fæðist.

**2006** Síðasta skipið er afgreitt úr Daníelsslipp í Reykjavíkurhöfn.

**2008** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tryggir sér þátttökurétt á EM í fyrsta sinn.



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ágúst Jóhannsson,**

húsgagnasmiður,
Smárarima 26, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, 19. október síðastliðinn. Útför hans verður gerð miðvikudaginn 1. nóvember í Grafarvogskirkju klukkan 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hins látna er bent á líknar- og hjálparstofnanir.

**María Haraldsdóttir**
**Ólafía Ágústsdóttir**
**María Ágústsdóttir** **Guðjón Hauksson**
**Anna Ágústsdóttir** **Andrés Magnússon**
**og afabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorbjörn Guðmundsson**

blaðamaður,
Kópavogstúni 5,

lést á hjartadeild Landspítalans mánudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 1. nóvember klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Sigurrós Sigurðardóttir**
**Kristjana Rós Þorbjörnsdóttir** **Örn Jóhannsson**
**Guðmundur Þorbjörnsson** **Jóhanna Björk Briem**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Móðir okkar

**Guðrún Guðlaugsdóttir**

frá Hellissandi,

lést 20. október á dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigrún Fjóla Sigþórsdóttir** **Böðvar Haukdal Jónsson**
**Pétur Ingi Vigfússon** **Svala Gunnarsdóttir**
**María Anna Vigfúsdóttir** **Karl Friðrik Thomsen**
**Fjalar Vigfússon** **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Sigþóra Vigfúsdóttir**
**Hrönn Vigfúsdóttir**
**ömmu og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Hreiðar tekur við keflinu af Þorgerði í Hamrahlíð

**Tónskáldið Hreiðar Ingi Þorsteinsson tekur við kór Menntaskólans við Hamrahlíð á morgun. Hann segir það smellpassa sér að vera með krefjandi kórverkefni og hlakkar til að taka við. Hreiðar Ingi stefnir á að jafna met Þorgerðar, sem stýrði MH-kórnum í 50 ár.**

Þetta er mikill heiður," segir Hreiðar Ingi Þorsteinsson sem hefur verið ráðinn stjórnandi kórs Menntaskólans við Hamrahlíð. Þorgerður stýrði síðustu kóræfingu sinni á föstudag en Hreiðar Ingi tekur við á morgun, þriðjudag.

„Það sem ég er svo þakklátur fyrir er að þetta hentar mjög mikið því sem ég hef verið að stefna að, sem er að kynna fyrir fólki krefjandi kórverk. Þannig hefur það verið í Hamrahlíðinni og ég myndi gjarnan vilja halda áfram að gera það með kórnum, halda við þessum arfi sem við eigum," segir Hreiðar Ingi.

**Sjálfur er ég tónskáld og vinn við að skrifa nýja tónlist og það smellpassar þess vegna fyrir mig að vera í þessari stöðu.**

Hreiðar segist hafa fylgst vel með kór Menntaskólans við Hamrahlíð undanfarin ár. „Það hafa allir fylgst með kórunum hennar Þorgerðar. Þetta er þannig kór að mann langar alltaf til að fylgjast með því sem er í gangi þar, það ríkir ferskur andi með nýrri, fallega sunginni tónlist. Þar er ótrúlegur metnaður," segir Hreiðar Ingi. Það henti sér mjög vel að vera í kringum krefjandi kórverkefni. „Sjálfur er ég tónskáld og vinn við að skrifa nýja tónlist og það smellpassar þess vegna fyrir mig að vera í þessari stöðu."

Þorgerður Ingólfsdóttir var kórstjóri í Hamrahlíð í 50 ár. Glaður í bragði segist Hreiðar Ingi ætla að reyna að jafna það. „Látum reyna á það," segir hann og hlær. Þótt Hreiðar Ingi sé ekki orðinn fertugur hefur hann skrifað fjöldamörg tónverk sem hafa notið vinsælda. „Níutíu prósent af því eru kórverk," segir hann og bætir við að í næsta mánuði muni Kór Langholtskirkju halda tónleika þar sem mörg kórverka hans verði flutt.

jonhakon@frettabladid.is



**Hreiðar Ingi Þorsteinsson tekur við kór Menntaskólans við Hamrahlíð af Þorgerði Ingólfsdóttur. Hún stýrði kórnum í fimmtíu ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ÞETTA GERÐIST: 30. OKTÓBER 1941

## Lokið við höggmyndir á Rushmore-fjalli

Þann 30. október fyrir 76 árum var lokið við höggmyndir fjögurra Bandaríkjaforseta á Rushmore-fjalli í Suður-Dakóta í Bandaríkjunum. Verkefnið var stórt en hugmyndin er rakin til sagnfræðingsins Doane Robinson. Upphaflega vildi Robinson höggva andlit frægðarmenna í Needles-fjall ríkisins en myndhöggvarinn og verkefnastjórinn Gutzon Borglum hafnaði því vegna þess að fjallið þyldi ekki verkið. Þá voru frumbyggjar afar andvígir því að nokkuð yrði höggvið í fjallið.

Robinson vildi á sínum tíma höggva andlit hetja bandaríska vestursins í fjallið en ekki forseta. Til að mynda landkönnuðanna Lewis og Clark sem og Buffalo Bill Cody. Fyrrnefndur Borglum hafnaði því einnig og fór fram á að fyrir valinu yrðu fjórir vinsælir Bandaríkjaforsetar.

Svo fór að fyrir valinu urðu George Washington, fyrsti forseti Bandaríkjanna, Thomas Jefferson, höfundur sjálfstæðisyfirlýsingarinnar, Theodore Roosevelt, leiðtogi Bandaríkjanna á miklu hagvaxtarskeiði og maðurinn á bak við Panamaskurðinn, og Abraham Lincoln, sem sameinaði Bandaríkin eftir borgarastríðið og afnam þrælahald.



**Rushmore-fjall.** MYND/CORBIS

Fjallið er nú fjölsóttur ferðamannastaður og sækja fleiri það heim ár hvert. Til að mynda heimsóttu 2,3 milljónir Rushmore-fjall árið 2010, 1,8 milljónir árið 2000 og 1,7 milljónir árið 1990. **– þea**




# ÖKUM ÖRUGG INN Í HAUSTIÐ MEÐ SKOÐUN FRUMHERJA

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

IS HK 18 K80

Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

## ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

**STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskipta-tilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is




Frumherji
www.frumherji.is
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Hæg sunnanátt í dag. Skýjað og lítilsháttar rigning öðru hverju, en þurrt um landið norð-austanvert. Hiti 5 til 10 stig.




## Þriðjudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9° | 8 |
| Ísafjörður | 7° | 11 |
| Akureyri | 8° | 9 |
| Egilsstaðir | 7° | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | 3 |
| Hveravellir | 5° | 10 |

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3° | 6 |
| Ísafjörður | -1° | 6 |
| Akureyri | -1° | 10 |
| Egilsstaðir | 1° | 16 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | 13 |
| Hveravellir | -4° | 12 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. á endanum
6. í röð
8. hnappur
9. munda
11. tveir eins
12. tala
14. sjónop
16. í röð
17. gyðja
18. peningur
20. golf áhald
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. hluti
3. klafi
4. bergtegund
5. sigti
7. þjófnaður
10. væta
13. sár
15. heimsálfu
16. hryggur
19. kyrrð



**LÁRÉTT: 2.** loks, **6.** rs, **8.** kví, **9.** ota, **11.** aa, **12.** tugur, **14.** linsa, **16.** bd, **17.** dís, **18.** aur, **20.** tí, **21.** króm.
**LÓÐRÉTT: 1.** brot, **3.** ok, **4.** kvarsít, **5.** sía, 7. stuldur, **10.** agi, **13.** und, **15.** asíu, **16.** bak, **19.** ró.

## Skák Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (2.508) átti leik gegn Franc Ashiku (2.394), Albaníu, á EM landsliða í gær.

**Hvítur á leik**

**26. Bb6! Dxe5 27. Hd8+ 1-0.** Ísland vann Albaníu 2½-1½ í gær. Auk Hannesar vann Héðinn Steingrímsson sína skák. Hjörvar Steinn Grétarsson gerði jafntefli. Þriðja umferð fer fram í dag og hefst kl. 13.

**www.skak.is:** EM landsliða











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 30. OKTÓBER 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Andleg heilsa og hamingja
**Hvenær?** 17.00-18.30
**Hvar?** Gló, Fákafeni 11
Ókeypis kynningarfundur um andlega heilsu og hamingju. Í hverju felst það að vera við góða andlega heilsu og hvað getum við gert til þess að hlúa að henni? Helga Arnardóttir, M.Sc. í félags- og heilsusálfræði fjallar um andlega heilsu, hamingju, jákvæða sálfræði og jákvæð inngrip en það eru gagnreyndar aðferðir til að auka vellíðan og hamingju. Helga starfar við ráðgjöf og fræðslu um andlega heilsu og jákvæða sálfræði. Meðal þess sem hún vinnur með á námskeiðum eru styrkleikar, núvitund, þakklæti, velvild og sjálfsmildi eða sjálfsvinsemd. Hún er með BA-gráðu í sálfræði, M.Sc.-gráðu í félags- og heilsusálfræði og diplomagráðu í jákvæðri sálfræði.

**Hvað?** Rússneskir samkvæmisdansar hjá IOGT á Íslandi
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Víkurhvarf 1, 3. hæð
Rússneska menningarmiðstöðin í samstarfi við IOGT á Íslandi býður til Dansveislu í Víkurhvarfi 1 á þriðju hæð. Af því tilefni kemur til okkar sérstakur gestur til að halda utan um námskeiðin sem og samkvæmið. Við munum dansa polonaise, vals, polka ásamt mörgum öðrum klassískum dönsum frá 17.-19. öld.

**Hvað?** Hugleiðsluhádegi
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar
Alla mánudaga í vetur frá klukkan 12.15-12.30 verður boðið upp á Hugleiðsluhádegi í Bókasafni Reykjanesbæjar. Hugleiðsluhádegin fara fram á neðri hæð safnsins í vinnuherbergi sem nefnist Búrið. Þátttakendur þurfa ekkert að taka með sér en pullur og stólar verða á staðnum. Tímarnir verða ýmist leiddir af Rannveigu Lilju Garðarsdóttur eða Önnu Margréti Ólafsdóttur sem báðar eru menntaðir jógakennarar.

**Hvað?** Leiðsögn um borð í Óðni
**Hvenær?** 13.00



Jóga er allra meina bót.



Rabarbarasultun í Árbæjarsafni.

**Hvar?** Sjóminjasafnið, Grandagarði 8
Í leiðsögn er gengið í gegnum skipið, sagt frá sögu þess, lífinu um borð og því hlutverki sem það gegndi hjá Landhelgisgæslu Íslands. Óðinn tók þátt í öllum þremur þorskastríðunum á 20. öld. Öflugasta vopn skipsins var 57 mm fallbyssa, staðsett á palli fyrir framan brúna.

**Hvað?** Leiðsögn um Árbæjarsafn
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Leiðsögumaður fer með gesti í öll helstu hús Árbæjarsafns og segir sögu þeirra. Árbæjarsafn er útisafn sem var stofnað árið 1957 en auk Árbæjar eru þar yfir tuttugu hús, sem mynda torg, þorp og sveit.

### Námskeið

**Hvað?** Tættar mæður #4 – Námskeið í kundalinijóga
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Jógasalurinn, Ljósheimum
Námskeið í kundalinijóga fyrir tættar mæður var hugmynd sem Sigrún Halla fékk vorið 2017. Ein helsta ástæðan var sú að hana grunaði að hún væri ekki ein um að finnast hún vera tætt og eiga erfitt með að sameina vinnu- og fjölskyldulíf. Álag og áreiti sem við búum við í dag er gríðarlegt. Hennar leið til þess að halda sönsum hefur verið að stunda kundalinijóga. Kundalinijóga eftir forskrift Yogi Bahjan sameinar hugleiðslu, möntrur, öndunar- og líkamlegar æfingar. Í þessum tímum er unnið að því að dýpka öndunina en hún stýrir huga okkar. Grunn og ör öndun þýðir þreyttur og tættur hugur.

**Hvað?** Rúllaðu þig í form
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kirkjulundur 19, Garðabæ
Ef þú vilt losa um óþarfa spennu, auka styrk og snerpu, losna við verki/óþægindi sem eru að halda aftur af þér, þá eru þetta tímar fyrir þig. Markmið Happy Hips er að kenna fólki sérstaka tækni, með boltum og jóga, til að losa um spennu í bandvef, efla frammistöðu íþróttafólks og bæta líðan í eigin líkama. Hægt er að skrá sig í 2 vikur eða 4 vikur. 2 vikur kosta 9.900 krónur, 4 vikur kosta 15.900 krónur.


Góða skemmtun í bíó




Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is
Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX






# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** The Last Man on Earth
**10.45** Fresh off the Boat
**11.10** Empire
**11.55** Masterchef USA
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor UK
**15.20** The X-Factor UK
**16.35** Simpson-fjölskyldan
**17.25** Nágrannar
**17.50** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Um land allt
**20.00** I Own Australia's Best Home
**20.50** Gulli byggir
**21.20** The Brave
**22.05** The Deuce
**23.20** Víglínan
**00.05** Tin Star
**00.50** Outlander
**01.45** Curb Your Enthusiasm
**02.15** Empire
**03.00** Bones
**03.45** Pure Genius
**04.25** Pure Genius
**05.10** Murder in the First Önnur þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum þar sem sakamál eru til umfjöllunar frá upphafi til enda út þáttaröðina. Fjöldamorðingi gengur laus í San Francisco, lögreglumaður lætur lífið á dularfullan hátt og þungt óvissuský hvílir yfir rannsóknarlögregludeildinni. Rannsóknarlögregluteymið Terry English og Hildy Mulligan kalla ekki allt ömmu sína.
**05.55** The Middle Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttafólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðirin Frankie hefur í mörg horn að líta.

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Messan
**08.25** Leicester - Everton
**10.05** Premier League World
**10.35** New England Patriots - LA Chargers
**12.55** Cardiff - Millwall
**14.35** Brighton - Southampton
**16.15** Leicester - Everton
**17.55** Messan
**19.20** Football League Show
**19.50** Burnley - Newcastle
**22.00** Meistaradeild Evrópu – fréttaþáttur 2017/2018
**22.25** Spænsku mörkin
**22.55** Leeds - Sheffield United
**00.35** Burnley - Newcastle

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Girona - Real Madrid
**08.40** Brighton - Southampton
**10.20** Bournemouth - Chelsea
**12.00** Washington Redskins - Dallas Cowboys
**14.20** Cleveland Browns - Minnesota Vikings
**16.40** Formúla 1 2017 – Keppni
**19.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**19.25** Spænsku mörkin
**19.55** Athletic Bilbao - Barcelona
**21.35** Domino's körfuboltakvöld
**23.15** Haukar - Keflavík
**00.55** Football League Show

## STÖÐ 3

**17.20** The New Girl
**17.45** The New Adventures of Old Christine
**18.10** League
**18.35** Modern Family
**19.00** Seinfeld
**19.25** Friends
**19.50** Who Do You Think You Are?
**20.50** Time After Time
**21.35** How To Make It in America
**22.00** The Sopranos
**22.50** Sleepy Hollow
**23.35** The Strain
**00.20** Modern Family
**00.45** Friends
**01.05** Seinfeld
**01.10** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Strumparnir
**07.25** Ævintýraferðin
**07.37** Hvellur keppnisbíll
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** K3 (15 / 52)
**08.13** Tindur
**08.24** Mæja býfluga
**08.33** Stóri og litli
**08.46** Könnuðurinn Dóra
**09.10** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.33** Doddi litli og Eyrnastór
**09.46** Áfram Diego, áfram!
**10.10** Nilli Hólmgeirsson
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur
**11.00** Strumparnir
**11.25** Ævintýraferðin
**11.37** Hvellur keppnisbíll
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** K3 (15 / 52)
**12.13** Tindur
**12.24** Mæja býfluga
**12.33** Stóri og litli
**12.46** Könnuðurinn Dóra
**13.10** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.33** Doddi litli og Eyrnastór
**13.46** Áfram Diego, áfram!
**14.10** Nilli Hólmgeirsson
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur
**15.00** Strumparnir
**15.25** Ævintýraferðin
**15.37** Hvellur keppnisbíll
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** K3 (15 / 52)
**16.13** Tindur
**16.24** Mæja býfluga
**16.33** Stóri og litli
**16.46** Könnuðurinn Dóra
**17.10** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.33** Doddi litli og Eyrnastór
**17.46** Áfram Diego, áfram!
**18.10** Nilli Hólmgeirsson
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur
**19.00** Töfralandið OZ



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 09.33, 13.33 og 17.33**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour
**11.00** World Golf Championship
**16.00** PGA Highlights
**16.50** Sime Darby LPGA Malaysian
**20.50** PGA Highlights
**21.45** PGA Tour

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.35** The Choice
**11.25** Pride and Prejudice
**13.30** As Good as It Gets Jack Nicholson og Helen Hunt fengu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í þessari frábæru gamanmynd. Aðalpersónan er kuldalegur og með eindæmum sérvitur náungi sem forðast náin samskipti við annað fólk.
**15.50** The Choice
**17.40** Pride and Prejudice
**19.45** As Good as It Gets
**22.00** The Exorcism Of Molly Hartley
**23.35** The Huntsman. Winter's War Frábær ævintýramynd með Chris Hemsworth og Charlize Theron. Myndin segir frá hinni illu Ravennu en hún á í stríði við systur sína sem heitir Freyja en Eric og Sara eru hermenn í her sem var byggður til þess að vernda Freyju og þau reyna að vernda hana fyrir Ravennu sem að hefur ekkert gott í huga en í leiðinni þurfa þau að kljást við ástina sem að þau bera til hvort annars.
**01.30** A Haunted House
**03.00** The Exorcism Of Molly Hartley

## RÚV

**15.25** Silfrið
**17.05** Séra Brown
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Háværa ljónið Urri
**18.11** Elías
**18.22** Skógargengið
**18.33** Letibjörn og læmingjarnir
**18.40** Millý spyr
**18.46** Gula treyjan
**18.48** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Veiðin
**20.55** Vegir Drottins
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Byltingarkennd Bítlaplata
**23.20** Flóttinn
**00.15** Kastljós og Menningin
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Royal Pains
**10.35** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Top Gear
**14.40** Scorpion
**15.25** Will & Grace
**15.55** Ný sýn - Davíð Þór Jónsson
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Extra Gear
**20.15** Top Chef
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Blue Bloods
**22.30** Dice
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** CSI
**01.05** Hawaii Five-0
**01.50** This is Us
**02.35** Salvation
**03.20** Difficult People
**03.50** Hawaii Five-0
**04.35** Blue Bloods
**05.20** Dice
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




**UM LAND ALLT**
KL. 19:25
Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**I OWN AUSTRALIA´S BEST HOME**
KL. 20:00
Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhússarkitektúr sem á engan sinn líka.



**GULLI BYGGIR**
KL. 20:50
Frábær þáttur með Gulla Helga sem allir þeir sem standa í stórum sem smáum breytingum mega ekki láta fram hjá sér fara né heldur þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með endurbótum almennt.



**THE BRAVE**
KL. 21:25
Spennuþættir frá framleiðendum Homeland um einvala lið hermanna í bandaríska hernum, sem berjast fyrir málstað réttlætisins við erfiðar aðstæður á sumum hættulegustu stöðum heims.




**THE DEUCE**
KL. 22:10
Það gekk heldur betur mikið á í uppgangi klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Umtöluð og töff þáttaröð úr smiðju HBO.



**TIME AFTER TIME**
KL. 20:50
Óvenjulegir spennuþættir sem fjalla um hinn fræga H.G. Wells sem freistar þess að finna einn þekktasta raðmorðingja allra tíma, Jack the Ripper.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

SAMSUNG

# Verðlaunuð sjónvörp og hljóðkerfi

SAMSUNG
MS660/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
**Kr. 69.900,-**

L&B LJUD & BILD Bästa köp April 2017 Samsung HW-MS660




## Beint eða bogið **Hljóðkerfi**

**Nú hefur Samsung sett bassann inn í soundbarinn. Aukin gæði og minna umfang.**




SAMSUNG
MS661/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
**Kr. 69.900,-**

Kerfi: 9 hátalarar, Tengimöguleikar: Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in - Anynet+ (HDMI-CEC) Já - Multiroom Link: Já - Dolby Digital: Já - DTS: Já - Fjöldi tónstillinga: 5




SAMSUNG
MS6511/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
**Kr. 79.900,-**

Kerfi: 9 hátalarar, Tengimöguleikar: Bluetooth, USB 2.0, 2 x HDMI (inn og út, Optical, AUX in - Anynet+ (HDMI-CEC) Já - Multiroom Link: Já - Dolby Digital: Já - DTS: Já - Fjöldi tónstillinga: 5

Samsung QLED is Quantum dot based TV

QLED TV

SAMSUNG
SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

# Hrikaleg á Hrekkjavöku

Hrekkjavakan verður sífellt meira áberandi hér á landi og er nú orðin fastur liður í skólastarfi. Börnin í Norðlingaskóla mættu fjölmörg all hrikaleg í skólann fyrir helgi. Siðurinn eins og við þekkjum hann í dag er frá Bandaríkjunum og þar klæða Hollywood stjörnur sig í búninga í tilefni dagsins.





Það voru margir nemendur sem litu hrikalega út og greinilegt að foreldrarnir eru listamenn í förðun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Leikkonan úr Fast And Furious, Jordana Brewster, og synir hennar Julian og Rowan. NORDICPHOTOS/GETTY



Grínistinn stórkostlegi og íslandsvinurinn Jerry Seinfeld ásamt konu sinni Jessicu NORDICPHOTOS/GETTY



Fjórar fræknar vinkonur mættu í rússíbana enda hálfgerð rússíbanareið að vera í innan um alla þessa uppvakninga.




## Hvor hentar þér betur?

cee'd og cee'd Sportswagon eru öflugir meðlimir Kia fjölskyldunnar. Sportswagon er sérlega rúmgóður og hentar því vel fyrir meiri farangur. Báðir eru þeir einstaklega sparneytnir og eyða frá 4,2 l/100 km í dísilútgáfu, hvort sem þú velur fágaða 6 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa DCT sjálfskiptingu — sem felur í sér enn hraðari skiptingu. Þá eru þeir hlaðnir nýjustu gerð tæknibúnaðar. Öllum nýjum Kia bílum fylgir sjö ára ábyrgð.

**Kia cee'd bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.**

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

## Stjarna í nærmynd
### Millie Bobby Brown



**Fullt nafn** Millie Bobby Brown
**Fædd** 19. febrúar 2004
**Foreldrar** Kelly og Robert Brown

Leikkonan og fyrirsætan Millie Bobby Brown skaust upp á stjörnuhimininn eftir frammistöðu sína í þáttaröðinni Stranger Things. Millie er fædd í febrúar árið 2004, og er því aðeins 13 ára.

Millie byrjaði leiklistarferilinn árið 2013 þegar hún lék í þáttunum Once Upon a Time in Wonderland. Eftir það landaði hún nokkrum litlum hlutverkum í ýmsum þáttum en ferillinn fór á flug árið 2016 þegar hún fékk eitt aðalhlutverkið í Stranger Things.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún stimplað sig inn í leiklistarheiminn og tískubransann. Millie þykir smart með eindæmum og slær ávallt í gegn á rauða dreglinum. Eins hefur hún birst á forsíðum tímarita, svo sem Interview Magazine og Teen Vogue, og í ótal tískuþáttum.

Millie fæddist á Spáni en flutti til Englands ásamt foreldrum sínum og systkinum þegar hún var fjögurra ára. Síðan hefur hún búið í London og Los Angeles.

# Stolið fyrir milljarð á hverju ári



„Íslenskt efni verður ekki sett á hakann en það heftir vöxt á framleiðslu að stór hluti áhorfenda horfir með ólögmætum hætti sem skilar sér ekki til þeirra sem framleiddu efnið,“ segir Jóhanna.

Íslendingar hala niður stolnu efni fyrir meira en milljarð króna samkvæmt útreikningum FRÍSK, félags rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði. Þættir Stöðvar 2 gríðarlega vinsælir en sekt eða tveggja ára fangelsi liggur við því að stela kvikmyndum og þáttum.

FRÍSK hefur látið reikna út að tap iðnaðarins af sjónvarps- og kvikmyndastuldi eingöngu er 1,1 milljarður á ári sem er mikið í okkar litla samfélagi,“ segir Jóhanna Margrét Gísladóttir, dagskrárstjóri Stöðvar 2, en fjölmargir þættir stöðvarinnar eru gríðarlega vinsælir á niðurhalssíðum og er niðurhalað án endurgjalds. Þáttaraðirnar Leitin að upprunanum og Fósturbörn eru þar í efstu sætum.

Raunheimar og internetheimar lúta sömu lagareglum en lögreglan hefur ekki mannafla til að rannsaka og taka til meðferðar kærur sem berast henni um ólöglegt niðurhal. Samkvæmt höfundarlögum varðar það sektum eða fangelsi í tvö ár að brjóta þau.

Jóhanna segir að einstaklingar verði áfram kærðir fyrir að setja höfundarréttarvarið efni inn á ólöglegar síður. „Lögreglan þarf að taka til rannsóknar kærur sem hefur verið beint



**Jóhanna Margrét Gísladóttir, dagskrárstjóri Stöðvar 2.**

gegn þeim sem talið er að reki síðurnar og þá stærstu sem eru í því að setja þar inn íslenskt efni.

Kærur þess efnis hafa verið sendar til lögreglu bæði af FRÍSK og okkur hjá 365 miðlum og haldið verður áfram að kæra helstu aðila sem setja inn íslenskt efni. Rétthafar hafa fengið lögbann sett á fjarskiptasíðurnar til að lágmarka aðgang að þeim sem hefur haft töluverð áhrif en betur má ef duga skal og þar þurfum við lögregluna með okkur í lið,“ segir hún.

Í könnun frá 2016, sem Capacent gerði, kom í ljós að 37 prósent þátttakenda stunda ólöglegt niðurhal á efni. „Það er mjög alvarlegt mál hversu léttvægt Íslendingum finnst að stela efni á netinu. Í nágrannalöndum okkar eru mun harðari viðurlög og fylgst grannt með því af netveitum og lögreglu. Því er fólk meira meðvitað um að það er glæpur að ná í efni án greiðslu.

Mér finnst mjög sorglegt að sjá fólk deila slóðum á efni eins og ekkert sé eðlilegra á netinu, sérstaklega á íslenskt efni, þegar hægt er að nálgast það á löglegan máta á auðveldan hátt.

Löglegum leiðum til að nálgast efni hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár með tilkomu fjölda streymisveita eins og okkar þjónustu, Stöð 2 Maraþon NOW, þar sem er hægt fyrir undir 4.000 kr. á mánuði að styðja við íslenska framleiðslu og fá mikið af bæði íslensku og erlendu gæðaefni á löglegan máta,“ segir Jóhanna.

**benediktboas@365.is**





KIA
The Power to Surprise

Verð frá **2.790.777** kr.
**22.777 kr.** á mánuði*
Útborgun **1.395.388** kr.
**Kia cee'd LX** — 1,0 Kappa, bensín, 100 hö, 6 gíra, 5 dyra, beinskiptur
*Mánaðarleg afborgun miðast við 8,15% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,43%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

Verð frá **2.990.777** kr.
**23.777 kr.** á mánuði*
Útborgun 1.495.388 kr.
**Kia cee'd SW LX** — 1,0 Kappa, bensín, 100 hö, 6 gíra, 5 dyra, beinskiptur
*Mánaðarleg afborgun miðast við 8,15% vexti og 50% bílalán til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,43%. Bílalánstölur eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland







**Magnús Freyr og Kolbrún Dögg ásamt börnum sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tóku u-beygju og fluttu á Sauðárkrók

„Það fannst mörgum það skrýtin ákvörðun að hætta í góðri vinnu til þess að flytja út á land,“ segir arkitektinn og húsgagnasmiðurinn **Magnús Freyr Gíslason** sem flutti ásamt fjölskyldu sinni á Sauðárkrók, meðal annars til að fá útrás fyrir sköpunargleðina.

Magnús Freyr Gíslason arkitekt og Kolbrún Dögg Sigurðardóttir kennari ákváðu að taka u-beygju fyrir tveimur árum og flytja á Sauðárkrók eftir að hafa verið búsett í Danmörku í átta ár og svo Reykjavík í þrjú ár. Þar stofnuðu þau fyrirtæki úr bílskúrnum sínum.

Magnús var að vinna á arkitektastofu í Reykjavík þegar hann fann að hann þurfti að fá meiri útrás fyrir sköpunargleðina og þá skellti hann sér í nám í húsgagnasmíði. Svo var tekin ákvörðun um að fara norður. „Ég fann að það var ekki nóg að teikna fyrir aðra. Ég saknaði þess að geta ekki tekið eigin hönnun frá hugmynd til endanlegrar útfærslu. Það er líka einhver galdur í að kasta hugmyndum á milli teikniborðs og verkstæðis og enda með góða vöru,“ segir Magnús.

Í bílskúrnum á Sauðárkróki fór hann að vinna og smíða upp úr skissum. Úr varð húsgagnafyrirtækið Gagn sem margir fagurkerar kannast við. Fyrirtækið reka þau samhliða öðrum vinnum og barnauppeldi.

„Það fannst mörgum það skrýtin ákvörðun að hætta í góðri vinnu til þess að flytja út á land. Það hefur samt reynst okkur mjög vel. Það er gott að búa í litlu samheldnu samfélagi þar sem að boðleiðir eru stuttar og auðvelt að fá fólk til þess að vinna með sér eða aðstoða ef maður er að prófa eitthvað nýtt.“




**Magnús og Kolbrún eru með vinnuaðstöðu í bílskúrnum.**

> **ÉG SAKNAÐI ÞESS AÐ GETA EKKI TEKIÐ EIGIN HÖNNUN FRÁ HUGMYND TIL ENDANLEGRAR ÚTFÆRSLU.**

„Við eigum bæði okkar rætur í Skagafirði og tilhugsunin um að flytja norður í land var mjög spennandi. Þannig að við létum slag standa,“ bætir Kolbrún við.

Spurð út í hvað sé það besta við að búa úti á landi segir Magnús: „Tempóið er svipað og þegar við bjuggum í Kaupmannahöfn. Það er stutt í alla þjónustu og hægt að labba allt. Fjölskyldan fer saman út á morgnana og kemur saman heim á daginn og hér er mikið frelsi fyrir krakkana.“ En það erfiðasta? „Þar sem að megnið af fjölskyldunni býr fyrir sunnan getur maður ekki stokkið í kaffi til ömmu og afa.“

Langtímaplan Magnúsar og Kolbrúnar er að geta sinnt Gagni í fullri vinnu. „Eftir fimm ár viljum við vera komin á þann stað að geta haft þetta að aðalstarfi og sent frá okkur nýja línu af vörum á hverju ári. En við viljum líka halda áfram að veita persónulega þjónustu þar sem hver vara er smíðuð eftir pöntun,“ segir Kolbrún.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# NÝÁRSTÓNLEIKAR 2018

LAUGARDAGINN 13. JANÚAR Í **ELDBORG HÖRPU**




# SCHÖNBRUNN PALACE ORCHESTRA FRÁ VÍN

SÓPRAN **MARA MASTALIR** BARITÓN **WOLFGANG SCHWAIGER** STJÓRNANDI **DAVID SCARR**

## MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAG KL. 10!

EFNISSKRÁ FRÁ HINUM HEIMSÞEKKTU SJÓNVARPSTÓNLEIKUM FRÁ VÍN,
FLUTT ÁRLEGA AF SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT OG EINSÖNGVURUM Í HEIMSKLASSA

HARPA

MIÐASALA Á HARPA.IS/NYARS OG Í SÍMA 528 5050.
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENA.IS/NYARS

sena LIVE!

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Benedikts Bóasar



# Óttarr var Ali Dia

Á síðasta þingi voru margir þingmenn alveg skelfilega lélegir í vinnunni og áttu ekki sinn besta leik svo vitnað sé í íþróttalýsingar. Alltof margir virtust hugsa: hvað getur Alþingi gert fyrir mig, í staðinn fyrir að hugsa öfugt, hvað get ég gert fyrir Alþingi.

Við fengum meðal annars Óttar Proppé í heilbrigðismálin. Það var vont. Hann vissi greinilega ekkert hvað hann var að gera þar. Ég ætla að kjósa hann versta stjórnmálamanninn á síðasta þingi.

Hann var Ali Dia Alþingis.

Ali Dia þessi er frægur fyrir að hafa logið sig inn í lið Southampton og spilað einn leik í ensku úrvalsdeildinni. Fljótlega var þó ljóst að hann gat ekki neitt og var hann tekinn út af – eftir að hafa komið inn á!

Óttarr var svipaður. Það sáu allir að hann gat ekkert í þessu ráðuneyti en það var bara ekki hægt að skipta honum út af. Því miður. Og nú erum við stödd á nákvæmlega sama stað með þetta blessaða kerfi okkar og við vorum fyrir ári.

Sumir þingmenn virtust líka bara geta flotið með straumnum. Þurftu ekki að gera neitt. Létu aðra um verkin. Voru bara fyrir aftan og sögðu ekkert, gerðu ekkert og hirtu bara launin sín. Ég þoli ekki letingja og á Alþingi í fyrra voru of margir letihaugar.

Mikið vona ég að fólkið sem sest næst á þing geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir, standi með sjálfum sér og vinni vinnuna sína.

Ég held nefnilega að Íslendingar séu orðnir svolítið þreyttir á að alþingismenn fái 100 daga jólafrí, 60 daga páskafrí, 500 daga sumarfrí og séu almennt ekkert við hið háa ræðupúlt – heldur bara töff á Instagram og Twitter.

Ég vil fá duglegt fólk á Alþingi – einhverja sem ráða við djobbið. Annars geta menn bara sleppt þessu.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FISKIBOLLUR
2 FYRIR 1

-GAMALDAGS HAKKBOLLUR
-FISKIBOLLUR
KAUPIR 1 KG. FÆRÐ 2 KG.
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

12 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN
4 DAGA OFURTILBOÐ
FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2018!
ROYAL CORINNA
Hágæða millistíft fimm svæða skipt heilsurúm með áföstum topp og pokagormakerfi ásamt rúmbotni og fótum.
Stærð 153x200 sm
Fullt verð 124.620 kr.
OFURTILBOÐ
87.234 kr.
EÐA AÐEINS
7.929 kr. Á MÁNUÐI*
30% AFSLÁTTUR!
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
ARGH!!! 301017


fatboy®
Tilvaldar **gjafir** sem **gleðja**
**Fatboy Junior** púðinn (130x100 sm)
Verð frá **17.727 kr.**


Lampinn
**The Petit**
Snilldar lampi, fáguð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu.
Verð frá **7.650 kr.**
**Fatboy Original** púðinn (180x140 sm)
Verð frá **23.650 kr.**
**Fagnaðu fjölbreytileikanum!**
30 gerðir af ólíkum skermum í boði.
**Verð 1.745 kr.**

Rekkjan ehf · Ármúla 44 · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16
rekkjan
HEILSURÚM